



Bls. 4

**Áherslan á hækkun
lægri launa**




Bls. 12

Hringborðið



Bls. 32

**Lausnir fyrir fólk
í atvinnuleit**



*Höfuð,
herðar...*



Ibúfen®

– *Bólqueyðandi og verkjastillandi*

Notkunarsvið: Ibúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Ibúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt.

Varúðarreglur: Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lífrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- eða nýrnasjúkdóm á ekki að nota lyfið. Fólk sem fengið hefur astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalícýlsýru eða annarra bólqueyðandi lyfja á ekki að nota lyfið. Gæta þarf varúðar við gjöf lyfsins hjá fólki með tilhneigingu til gasárs eða með sögu um slík sár, aukna blæðingartilhneigingu eða helluroða (SLE). Einnig hjá sjúklingum með veilt hjarta, nýrna- eða lífrarsjúkdóm, sérstaklega ef meðhöndlað er með þvagræsilyfi samtímis, þá þarf að fylgjast með mögulegri minnkaðri nýrnastarfsemi og vökvaföfnun. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Ibúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingaröpægingum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk.

Skammtastærðir: Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki er mælt með stærri dagskammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamspunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Lyfið skal geymt þar sem börn hvorki ná til né sjá. Janúar 2009.

 **actavis**
hagur í heilsu



Sigurður Bessason



NÓVEMBER 2009

6. TÖLUBLAÐ, 14. ÁRGANGUR
UPPLAG 20.000 EINTÖK

Útgefandi:

Efling-stéttarfélag

Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Atli Lýðsson

Guðmundur Þ. Jónsson

Sigurður Bessason

Sigurrós Kristinsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lía Terrazas

Atli Lýðsson

Berglind Davíðsdóttir

Elín Baldursdóttir

Elín Hanna Kjartansdóttir

Erna Björk Jóhannsdóttir

Fjöla Jónsdóttir

Guðmundur Þ. Jónsson

Guðrún Kr. Ólafsdóttir

Hallsteinn Friðbjólfsson

Harpa Ólafsdóttir

Helga Sigurðardóttir

Herdís Steinarsdóttir

Hjördís Baldursdóttir

Hulda Hafsteinsdóttir

Kolbrún S. Jónsdóttir

Kristjana Valgeirsdóttir

Oddný Einarssdóttir

Ólaf Björk Björnsdóttir

Ragnar Ólason

Ragnheiður Baldursdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Sigurður Bessason

Sigurrós Kristinsdóttir

Soffía Erla Einarssdóttir

Sveinn Ingvaldsson

Tryggvi Marteinnsson

Þórir Guðjónsson

Þráinn Hallgrímsson

Starfsafli

Sveinn Aðalsteinsson

Valdís Steingrimsdóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókkband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sæturni 1

Sími 510 7500/fax 510 7501

www.efling.is

Skrifstofa Eflingar er opin

frá kl. 08.15 – 16.00.

Skrifstofa Suðurlandi

Austurmörk 2

810 Hveragerði

Sími 483 4525/fax 483 4025

Netfang bodinn@efling.is

Atvinnulausir afskiptalausir

Í könnunum sem gerðar hafa verið að undanfögnu koma fram mikilvægar upplýsingar um hag og stöðu fólks sem býr við atvinnuleysi. Í könnun Eflingar-stéttarfélags og Flóafélaganna kemur fram að um helmingur atvinnulausra sem tóku þátt í könnuninni er algerlega látinn afskiptalaus, fær hvorki boðun um að mæta til viðtala eða tilboð um menntun eða aðrar virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Í rýnihópum þar sem rætt hefur verið við fólk í atvinnuleit kemur það sama fram. Afskiptaleysi og sambandsleysi við þann stóra hóp sem glímur við atvinnuleysi. Fram kemur í könnun Eflingar að sá hópur sem hefur fengið þjónustu frá Vinnumálastofnun og vinnumiðlunum er að stærstum hluta sáttur við þjónustuna. Eftir stendur að fjöldi fólks í atvinnuleit er algerlega afskiptalaus þrátt fyrir skýr lagaákvæði um vinnumarkaðsaðgerðir í þeirra þágu. Þetta er algerlega óásættanlegt.

Efling og VR vöruðu við lagabreytingum

Þegar atvinnuleysistryggingakerfinu var breytt á árinu 2007 og öll tengsl rofin við stéttarfélögin, vöruðu VR og Efling við þessum breytingum. Í athugasemdum félaganna var minnt á að við stórfellt atvinnuleysi sem dunið gæti á þjóðinni, skipti það miklu máli fyrir félögin að vera í beinum tengslum við atvinnulausa félagsmenn sína. Þar koma til fjölmörg atriði þar sem hægt er að tengja saman félagsleg úrræði og kosti í menntamálum, aðstoð frá sjúkrasjóðum og önnur úrræði sem stéttarfélögin hafa beitt. Á þetta bentu forystumenn félaganna og vöruðu við nýju tryggingastofnunarkerfi sem myndi ekki geta glímt við fjölda atvinnuleysi. Þrátt fyrir áratuga reynslu stéttarfélaganna, sem höfðu komið atvinnuleysistryggingum á legg og verið þátttakendur í mótun trygginganna alla tíð, var blásið á sjónarmið þeirra.

Skyndilausnir þegar í óefni er komið

Nú þegar í óefni er komið, stórir hópar atvinnuleitenda eru afskiptir og fjárhagur atvinnuleysistryggingasjóðs er hruninn, þá mega viðbrögð stjórnvalda ekki einkennast af skyndilausnum. Vandí ungs fólks í atvinnuleit verður ekki leystur með sviptingu bóta heldur þvert á móti með virkum vinnumarkaðsaðgerðum þar sem megináherslan er á að virkja einstaklinginn til vinnu eða náms.

Skorað á stjórnvöld að endurskoða lögin

Efling-stéttarfélag skorar á stjórnvöld að taka málefni atvinnuleitenda nú öll til endurskoðunar. Þar ættu sjónarmið sem fram hafa komið hjá ASÍ fyrir hönd stéttarfélaganna um að færa aðilum vinnumarkaðarins aftur bein tengsl við atvinnulaust fólk að vera til viðmiðunar.

Engin önnur leið

Ljóst er að framlenging kjarasamninga á almennum markaði var eina færa leiðin í þeirri stöðu sem atvinnulífið var komið í. Það hefur komið berlega í ljós að innan Samtaka atvinnulífsins voru mjög skiptar skoðanir um framlenginguna. Í stéttarfélögunum innan ASÍ var mótuð sú stefna að með tilliti til þess mikla atvinnuleysis og samdráttar framundan væri það skásti kosturinn að festa í sessi launabreytingar og aðra þætti kjarasamningsins til að treysta stöðu launafólks eins og kostur er við þessar erfiðu aðstæður þjóðarinnar. Í reynd var engin önnur leið.

SIGURÐUR BESSASON

formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Áhersla á hækkan lægri launa	4	100 ára starfsaldur á Jakanum	30
Framlenging skiptir öllu	8	Lausnir í atvinnuleit	32
Að ræða við rágjafann	9	Starfsmannaskipti ESB	34
Meira eftirlit með veitingahúsum	10	Ánægjuleg þróun í sjúkrasjóði	35
Hringborðið	12	Hótel, matur og ferðir	36
Tækifæri til sameiningar	16	Trúnaðarmannanámsskeiðið	37
Spennandi tímar í Noregi	18	Að læra starfsmatið	38
Hrunið bitur í Köben	21	Stórafmælið	39
Mikil aðsókn að orlofshúsum	22	Vatnsveitan 100 ára	40
Að bæta þjónustu hjá borginni	23	Á leið í háskólann	42
Af vettvangi félagsliða	26	Frá fundi leikskólaliða	45
Flest lán í fullum skilum	28	Vinnustaðaheimsókn í Frostfiski	46



Ný Gallup könnun sýnir órofa

Samstöðu um áherslu á hækkun lægri launa

Ef það er eitthvað eitt sem stendur upp úr nýrri Gallup könnun um hagi félagsmanna Eflingar, Hlífar og VSKF þá er það órofa samstaða þeirra um að leggja áherslu á hækkun lægri launa í næstu kjarasamningum. Níu af hverjum tíu félagsmönnum eru sammála þessari

stefnu og andstaða við hana er hverfandi. Hvorki starf né aldur, kyn eða félagsleg staða virðist skipta marktækt máli í þessu efni. Það er einnig athyglisvert að yfirstandandi kreppuástand hefur lítil áhrif á skoðanir félagsmanna sem staðfesta í hverri könnuninni á fætur annarri þessa almennu stefnu um launajöfnuð. Fjölmarginn merkilegt kemur fram í þessari nýju könnun sem sýnir meðal annars áhrif kreppunnar á breytingar í viðhorfi til launa, atvinnuöryggis og það sést hvernig áhyggjur fólks endurspeglast og hvernig það sparar við sig við versnandi launakjör.

Það er sýnilegt að félagsmenn leggja nú aukna áherslu á atvinnuöryggi þegar spurt er um áherslur kjarasamninganna en launin vega langþýngst enda vilja tveir af hverjum þremur að aðaláherslan sé á launin. Á tímabili betri kaupmáttar lögðu félagsmenn áherslu á bæði starfs- umhverfi og vinnutíma en mjög lítil áhersla er nú á þessum þáttum.

Flestir leita sér að vinnu innanlands

Mikið hefur verið rætt um að fólk muni í vaxandi mæli leita sér að vinnu erlendis í atvinnuleysinu hér á landi. Það staðfestist ekki í þessari könnun því yfir 70% svarenda eru að leita sér að vinnu hér á landi en einungis um 4,5% hyggjast

Það sem er uggvænlegt er að sjá að fólk dregur úr kostnaði við heilbrigðisþjónustu og það sparar við sig í mat


leita fyrir sér erlendis. Þá stefna um 17% atvinnuleitenda að því að fara í nám. Jákvætt er að þeim mun yngri sem fólkið er því meiri líkur á að það nefni nám sem valkost í stöðunni. Mun fleiri karlar eru atvinnulausir en konur enda fjölmennasti hópurinn í byggingageiranum en fæstir í veitinga- og hótélgeira. Stærsti hópurinn á Flóasvæðinu er á Suðurnesjum þar sem fjöldi atvinnulausra er nú ríflega 16% samkvæmt könnuninni.

Um helmingur hóp atvinnulausra látinn afskiptalaus?

Athyglisvert er að skoða hve margir telja sig hafa fengið aðstoð, tilboð um vinnu eða nám en það er um helmingur hópsins sem svarar spurningum um þetta jákvætt. Hinn helmingurinn telur sig ekki hafa fengið neitt af þessu og hlýtur það að vekja upp spurningar hjá þeim sem leiða málaflokkinn hjá yfirvöldum vinnumála. En þeir sem á annað borð telja sig hafa fengið þjónustu hjá Vinnu-málastofnun eru flestir ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá eða um 80%.

Sex af hverjum tíu orðið fyrir kjaraskerðingu

Eins og búast mátti við hafa margir launamenn orðið fyrir ýmiss konar kjaraskerðingum eftir hrun efnahagslífsins. Um fjórir af hverjum tíu telja sig hafa orðið fyrir einhvers konar launa- eða kjaraskerðingum á undanförunum 12 mánuðum vegna samdráttar. Hjá yfir helmingi þeirra sem telja kjör sín hafa verið skert nefna að það hafi verið gert með yfirvinnubanni, en síðan kemur líka til lækkað starfshlutfall, lækkaðir bónusar og síðan hefur nær fimmti hver þeirra sem varð fyrir skerðingu orðið fyrir þeirri launalækkun.



Hversu sammála eða ósammála ertu að leggja eigi sérstaka áherslu á hækkan lægstu launa í komandi kjarasamningum?

Mikið starfsöryggi þrátt fyrir kreppuna

Þrátt fyrir kreppuna telja nærri 70% félagsmanna sig búa við mikið starfsöryggi og aðeins um 12% telja sig búa við lítið öryggi í starfi. Konur telja sig búa við nokkru meira starfsöryggi en karlar sem er í samræmi við aðrar forsendur könnunarinnar. Starfsöryggið er minna á Suðurnesjum en hjá Hlíf og Eflingu. Mesta starfsöryggið er hjá þjónustu-, afgreiðslu- og skrifstofufólki en minnst hjá byggingamönnum.

Hefur fólk áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni?


Um annar hver svarenda í könnuninni eða um 53% hafa mjög miklar eða frekar miklar áhyggjur af fjárhagslegri stöðu sinni en þeir sem hafa frekar litlar, mjög litlar eða engar eru um fjórðungur þátttakenda. Eins og búast má við hafa þeir meiri áhyggjur af stöðu sinni sem tengjast ýmsum störfum í flutningum, framkvæmdum og iðnaðarmannastörfum svo sem tækjamenn og bílstjórar.

Verðbólga, vextir, hækkan lána og lág laun ástæðurnar

Lág laun koma í annað sæti þegar spurt er um það hverjar séu helstu ástæður þess að fólk hefur áhyggjur af stöðu sinni en verðbólgan og vextir eru sýnilega það sem fólk hefur mestar áhyggjur af og síðan hækkan lána sem kemur vart á óvart. Þá eru nefndar til sögunnar lækkun launa, atvinnuleysi og skuldir.

Hefur þú leitað fjárhagslegrar aðstoðar á sl. tólf mánuðum og þá hjá hverjum?

Um fimmti hver aðspurðra hefur leitað fjárhagslegrar aðstoðar en um 80% hafa



Ertu sammála jafnvel þó það þýði minni almenna hækkan?






Hefur þú dregið úr útgjöldum til einhversra ofangreindra þátta vegna verri fjárhagsstöðu eða hækkan verðs á síðastliðnum 12 mánuðum?

ekki gert það. Flestir leita aðstoðar hjá viðskiptabanka sínum en síðan er leitað til vina og kunningja og nokkrir leita til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Stærstu hóparnir sem leita sér aðstoðar eru þeir sem eru án atvinnu eða á uppsagnarfresti svo og aldurshópurinn 25 ára til 44 ára.

Margir taka út séreignarsparnaðinn

Rúmlega fjórir af hverjum tíu hafa tekið út séreignarsparnað sinn þannig að ljóst er að margir eru að nota þetta úrræði til að mæta erfiðri fjárhagsstöðu. Álíka margir hafa ekki gert það og hafa heldur ekki hugsað sér að gera það. En jafnframt er ljóst að nokkuð er ennþá af fólki sem hugsar sér að nýta úrræðið því um 17% hefur hugsað sér að taka út þennan sparnað. Hér má reyndar benda á að margir eiga samkvæmt upplýsingum frá

Um helmingur atvinnuleitenda er látinn afskiptalaus



Hefur þú miklar, litlar eða engar áhyggjur af fjárhagslegri stöðu þinni?

lífeyrissjóðunum inni litlar upphæðir sem fólk sér ekki ástæðu til að geyma í séreignarsparnaði þegar svo illa árar.

Sláandi að fólk dregur úr mat-arkaupum og heilbrigðisþjónustu

Það kemur ekki á óvart að 7 af hverjum 10 hafa dregið úr ferðalögum og heldur færri hafa dregið úr útgjöldum til tómstunda og húsgagnakaupa. Það sem er ugðvænlegt er að sjá að fólk dregur úr kostnaði við heilbrigðisþjónustu og það sparar við sig í mat. Þá er ljóst að mjög margir eru að huga að eldsneytissparnaði

Hefur þú leitað aðstoðar vegna fjárhagslegrar stöðu þinnar á síðastliðnum 12 mánuðum?

Því um helmingur svarenda svarar þeirri spurningu jákvætt.

Margt fleira athyglisvert í könnuninni

Það er margt fleira sem er athyglisvert í þessari könnun, svo sem skoðun á launum félagsmanna, kynbundnum launamun, viðhorfi til stéttarfélaganna og atvinnurekenda og margt fleira mætti telja. Fyrir áhugasama er rétt að benda á að könnunina má skoða í heild á vef Eflingar. www.efling.is

Hefur þú tekið út séreignarsparnað eftir að lögum um séreignarsparnað var breytt?

UM KÖNNUNINA

Markmiðið var að kanna kjör félagsmanna Eflingar, Hlífar og VSK.

Könnunin var framkvæmd 16. september til 20. október 2009.

Síma og netkönnun meðal 3000 félagsmanna.

Endanlegt úrtak 2100 en svarendur alls 1000 og svarhlutfall er 48%.



www.efling.is

Sjúkrasjóður

Síðasti skiladagur 15. desember

Rafrænir greiðsluseðlar frá áramótum

Í sjúkrasjóði Eflingar verður afgreiðsla þannig háttad fyrir jólin að síðasti skiladagur vegna umsókna er 15. desember næstkomandi vegna desembermánaðar. Rafrænir greiðsluseðlar

verða teknir upp frá og með áramótum. Sú breyting verður auglýst með sérstakri tilkynningu.

Stefnt er að því að greiða sjúkradagpening og aðra styrki út fyrir jólin. Skila



þarf umsóknum og öðrum gögnum í síðasta lagi 15. desember n.k. Fyrsta útborgun sjúkrasjóðs á nýju ári verður 29. janúar 2010.

Frá og með 1. janúar verða greiðslur sjúkrasjóðs rafrænar og sendar í heima-banka sjóðfélaga. Þeir sem vilja fá greiðsluseðla sína senda með pósti, þurfa að láta vita á skrifstofu félagsins í síma 510-7500.

Stjórn og starfsmenn Sjúkrasjóðs Eflingar-stéttarfélags.

**SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA**

**ALLT Á
EINUM
STAÐ**

**SMUR- BÓN OG
DEKKJAPJÓNUSTAN**

SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

SENDU JÓLAPAKKA HVERT Á LAND SEM ER



**800 KR.
PAKKINN**
EF ÞÚ GETUR BORIÐ HANN*

*Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,8m. Hámarksþyngd 50 kg. Á ekki við um kæli- eða frystivöru. Greiða verður fyrir pakkann á upphafsstað.

Viðkomustaðir um allt land. Kynntu þér afgreiðslutíma og síðustu ferðir fyrir jól á vefsíðunni www.flytjandi.is.

Sími 525 7700 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi



Kjarasamningarnir

Skipti öllu að ná framlengingu

-segir Sigurður Bessason

Það er ljóst að við höfum ekki lokið samskiptum okkar við stjórnvöld varðandi nokkur atriði sem tengjast stöðugleikasáttmálanum, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar í viðtali við blaðið. Við lítum svo á að það verði að útkljá þarna viss atriði svo stjórnvöld standi sín megin við þau fyrirheit sem gefið hafa verið bæði í skatta- og atvinnumálum. Ég er hins vegar ekki í neinum vafa um að það skiptir öllu máli fyrir okkur launamenn að ná framlengingu kjarasam-

inganna sérstaklega gagnvart þeim sem eru með lægri launin. Það hefði örugglega orðið erfitt úrlausnarefni að koma samningum saman á þessum tímum ef þeir hefðu slitnað í sundur. Atburðir síðustu daga þar sem ákveðnir atvinnurekendur reyna með ýmsum hætti að komast hjá launahækkunum, sýna með óyggjandi hætti hve Samtök atvinnulífsins voru nálægt uppsögn samninganna, segir hann.

Ljóst er að verulegir skuldaklavar blasa við þjóðinni um þessar mundir. Það eru allir sem gera sér grein fyrir því hversu alvarleg staðan er þó svo að mönnum geti greint á um einstakar skuldir og skuldbindingar. Flestum er þó ljóst að ef við bregðumst ekki við þessum vanda mun vaxtabyrðin sem blasir við ríkissjóði verða okkur ofviða. Hér skiptir mestu

að koma hjólum atvinnulífsins í gang. Hér skiptir einnig miklu að reynt verði að hvetja til atvinnusköpunar sem nær til allra greina og sé þar ekkert undanskilið. Verum meðvituð um það að hvert nýtt starf hvar sem er, verður hluti að sameiginlegri endurreisn samfélagsins, segir Sigurður.

Verjum lægri laun og meðaltekjur

Mikil umræða hefur verið um áherslur í skattmálum þegar þetta er ritað. Verið er að vinna að útfærslu skattamála á borðum ríkisstjórnarinnar um þessar mundir og höfum við í verkalýðshreyfingunni lagt megináhersluna á að verja þá sem eru með lægri launin og millitekjur. En með sama hætti höfum við varað við því að gengið verði svo langt í almennum skattaálögum að samfélagið verði drepíð í dróma. Það skiptir öllu að reyna að efla atvinnulífið með öllum tiltækum ráðum.

Eitthvert brýnasta verkefnið er að koma gjaldeyrismálum í lag

Það er einnig ljóst að eitthvert brýnasta verkefni okkar er að koma gjaldeyrismálum þjóðarinnar í lag. Þegar hvert matsfyrirtækið á fætur öðru metur helstu fyrirtækin okkar sem áhættufyrirtæki og þar af leiðandi í ruslflokk stöndum við frammi fyrir stórfelldri áhættu um að allt samfélagið verði metið með sama hætti sem mun leiða til mikillar hækkunar á öllum okkar lánsfjárförum til lengri tíma lítið. Gjalddeyrishóftin munu viðhalda verðbólguþignu uppi sem mun á endanum festa í sessi víxlverkun verðlags og launa.

Við skulum vinna að því saman að slíkir tímar renni ekki upp að nýju. Að öðrum kosti mun kreppan hjá okkur verða lengri og dýpri en nokkurt okkar órar fyrir, sagði Sigurður að lokum.

Veist þú að?

- Réttur til styrkja úr sjúkra-sjóði Eflingar er nú miðaður við 6 mánaða samfellda aðild að sjóðnum í stað 12 mánaða áður





Hvað þýðir

framlenging kjarasamninganna?

Skrifstofu Eflingar berst þessa dagana fjöldi fyrirspurna um framlengingu kjarasamninganna á almenna markaðnum. Sérstaklega er spurt um þær

launabreytingar sem verða á þessu ári og fram til loka samningstímans en samningurinn var framlengdur til 1. nóvember 2010. Að þessu tilefni er

minnt á meginatriði launabreytinga á þessu ári:

- Launataxtar hækkuðu um 6.750,- krónur þann 1. júlí sl.
- Launataxtar hækka aftur þann 1. nóvember um sömu krónutölu kr. 6.750,- Þessi launabreyting kemur í flestum tilvikum til framkvæmda 1. desember nk. þar sem laun koma til útborgunar einum mánuði eftir á.
- Þeir sem enga hækkun hafa fengið frá 1. janúar 2009 og eru ekki á kauptaxta fá launaþróunartryggingu sem nemur 3,5% og ef um hækkanir á launum hefur verið að ræða á þessu tímabili þá dragast þær frá 3,5%.

Þessar launahækkanir hafa þegar verið settar inn í kauptaxta Eflingar á almennum markaði og er þar vísað á kauptaxta á heimasíðu Eflingar-stéttarfélags, *efling.is*.

Varðandi ríki, sveitarfélög, hjúkrunarheimili og Reykjavíkurborg er bent á *síðu kjaramála* á heimasíðunni.



Það kostar ekkert

að ræða við ráðgjafann

Soffía Erla Einarsdóttir, endurhæfingarráðgjafi

Félagsmönnum Eflingar býðst nú að ræða við ráðgjafa hjá félaginu um starfsendurhæfingu sér að kostnaðarlausu. Endurhæfingarráðgjöf er ekki einungis fyrir þá sem glímt hafa við langvarandi

veikindi. Samtal við ráðgjafa jafnvel við upphaf veikinda getur verið mjög gagnlegt til þess að fá ráðgjöf, stuðning eða hvatningu og sjá fyrir sér þau úrræði sem bjóðast sem fyrst. Úrræðin geta orðið

mikil stoð þeirra sem síðar lenda í skertri vinnugetu til þess að geta starfað áfram á vinnumarkaði.



Tryggvi Marteinnsson

Við heimsækjum að meðaltali einn til tvo vinnustaði í viku og tvö til fimm fyrirtæki. Starfsmenn og forsvarsmenn fyrirtækjanna taka vel á móti okkur og algjörar undantekningar ef svo er ekki. Það er þá helst þar sem eitthvað er að fela. Við stefnum nú á að fara meira á veitingastaði á næstunni og þá í samvinnu við Matvís en til að sú vinna skili árangri þarf nauðsynlega að vera fulltrúi frá Vinnumálastofnun með í för, segir Tryggvi Marteinnsson hjá Eflingu sem er í vinnuhópi vinnustaðaeftirlits.

Við höfum verið nokkur undanfarin ár Efling, Fagfélagið og Rafiðnaðarsam-

Fulltrúi
Vinnumálastofnunar
var tekinn úr verkefninu
sem er athyglisvert með
hliðsjón af mikilvægi þess

bandið í þessu eftirliti með fulltrúa frá Vinnumálastofnun. Nú hefur FIT bæst í hópinn en fulltrúi Vinnumálastofnunar hefur verið tekinn úr verkefninu, sem er athyglisvert með hliðsjón af mikilvægi þessa eftirlits. Höfum fram að þessu

einbeitt okkur að byggingavinnustöðum, segir Tryggvi.

Veitingageirinn er sú atvinnugrein þar sem sennilegast er töluvert um „svarta vinnu“ eins og reynslan hefur svo oft sýnt okkur og ekki bara nýverið. Það er gömul saga og ný að veitingageirinn er sá hluti atvinnulífsins sem mest aðhald þarf í þessu efni. Það er ekki bara einkenni hér á landi heldur víðar í heiminum.

Mikið er um eigendaskipti og kennitöluflakk. Dæmi eru um að það sé sett sem skilyrði fyrir ráðningu að vinnan sé svört og engir launaseðlar. Þess vegna er ekki vanþörf á auknu eftirliti, segir Tryggvi Marteinnsson að lokum.

Hannaðu þína eigin myndabók á oddi.is

.....
**VERÐ FRÁ
6.900 KR.
EINTAKIÐ**
.....



**Farðu inn á www.odd.is
og búðu til persónulega gjöf.**

Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.





Ingvar Vigur Halldórsson, Sigurey A. Ólafsdóttir, Theódóra Theódórsdóttir og Þráinn Hallgrímsson við hringborðið

Hringborðið

Þarf lítið til að lágtekjufólk lendi í vandræðum

Þrír stjórnarmenn Eflingar-stéttarfélags sem komið hafa inn í stjórnina á síðari árum voru fengnir í hringborðsumræðu fyrir Eflingarblaðið. Umræðan snérist um verkalýðshreyfinguna og kreppuna, atvinnuleysið og

úræðin sem í boði eru, vantraustið í þjóðfélaginu, hvort lífeyrissjóðirnir eigi að fjármagna atvinnulífið og nýjan Landsspítala og loks um framtíðina sem bíður okkur handan við hornið. Það eru þau Ingvar Vigur Halldórsson hjá Efnamóttökunni, Sigurey A. Ólafsdóttir sem starfar hjá Össuri og Theódóra Theódórsdóttir, starfsmaður á Grund sem taka þátt í umræðunni en henni stýrði Þráinn Hallgrímsson. Róbert Ágústsson tók myndirnar.

Við spyrjum fyrst hvernig kreppan hafi komið við vinnustað ykkar og hvort samdráttur í atvinnulífinu hafi breytt einhverju á vinnustaðnum eða andrúmslofti milli starfsmanna.

Ingvar Vigur: Á vinnustaðnum mínum höfum við verið mjög heppnir þar sem við finnum fyrir litlum sem engum breytingum hjá Efnamóttökunni. Það hefur auðvitað orðið samdráttur en við höfum getað lagt áherslu á aðra þætti í vinnunni

Ég spyr oft fólk að því beint hvað það vilji að verkalýðsfélagið þeirra geri



þannig að við höfum getað haldið öllum okkar mannskap og það lítur jafnvel þannig út núna að það þurfi að lengja vinnutímann.

Theódóra: Jú, við finnum fyrir talsverðum breytingum á Grund þar sem dregið hefur verið úr ýmiss konar yfirvinnu en sumir starfsmenn hafa treyst töluvert á þær tekjur og þeir finna auðvitað fyrir því. Síðan er verið að breyta vöktum og starfshlutföllum og þetta hefur áhrif á starfsfólkið. Ég held að almennt á vinnustöðum hljóti menn að finna fyrir aukinni spennu vegna þess að það er meira álag á þeim sem nú eru í starfi eftir hrúnið og meiri hætta á uppsögnum og atvinnumissi.

Signey: Það eru ekki miklar breytingar á mínum vinnustað hjá Össuri. Yngra

fólkið hefur farið í skóla og annað fólk ráðið í þeirra stað. Það sem hefur breyst hjá okkur er að það er gríðarleg umræða í gangi um allt sem er að gerast í þjóðfélaginu og það er bara af hinu góða.

Í beinu framhaldi af þessu. Hvernig finnst ykkur stéttarfélögin og við sem störfum fyrir þau koma inn í þessa umræðu. Hvað segir fólk á ykkar vinnustöðum um þær lausnir sem ASÍ og félögin hafa stutt t.d. í atvinnu- og kjaramálum til að vinna gegn kreppunni? Finnið þið fyrir gagnrýni á okkur sem vinnum hjá stéttarfélagunum?

Ingvar Vigur: Já, við finnum fyrir gagnrýni bæði gagnvart stéttarfélagunum og margt fólk er auðvitað undir miklu álagi og mörgum finnst sem það sé ekki verið að gera neitt í brýnustu málum samfélagsins. Sjálfur á ég mjög gott útspil í þessari umræðu. Ég spyr oft fólk hvað það sé nákvæmlega sem það vilji að stéttarfélagið þeirra geri. Það verður að reyna að beina þessari umræðu í einhvern jákvæðan farveg. En það er ljóst að auðvitað bitnar þetta ástand oft á trúnaðarmönnum á vinnustöðum og forsvarsmönnum stéttarfélaganna þó að þeir beri ekki ábyrgð á ástandinu.

Signey: Mér finnst sem fólk trúir ekki á neinar aðgerðir sem stjórnvöld eru að beita sér fyrir. Það er algert vantraust í gangi, hvort sem aðgerðirnar eru góðar eða ekki fullnægjandi. Það er líka mjög hörð umræða um lífeyrissjóðina og fólk ræðir opinskátt um það hvort stjórnir og hreyfingin hreinlega ráði við að taka þær ákvarðanir t.d. varðandi miklar fjárfestingar lífeyrissjóðanna sem geta orðið mjög afdrifaríkar. Þetta er skiljanlegt eftir það sem fólk hefur horft á í hrúninu. Það er líka mikil umræða um skattamálin og hvort þörf sé á þessari miklu skattlagningu og hvort rétt sé að skattleggja lífeyrissjóðina. Vandí fólksins er sá að það er enginn aðili, hvorki fréttamiðlar né aðrir sem hægt er að treysta. Margir eru líka í þeirri stöðu að þeir telja sig ekki geta talað t.d. um fjárhagsvandamál sín á vinnustaðnum. Vilja ekki auglýsa það við vinnufélagana og þurfa einhvern sem þeir geta treyst, t.d. verkalýðsfélagið eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Það vantar einmitt einhvern svona aðila sem fólk getur treyst.

Theódóra: Já, ég held að fólki finnist ekkert vera að gerast vegna þess m.a. að hlutir eru ekki skýrðir nægilega vel út og það er enginn sem hefur trúverðugleika



Theodóra Theodórsdóttir

til þess. En svo er þjóðfélagið líka í mikilli breytingu. Það er talsverð umræða um þá atvinnulausu, kannski óréttmæt, um hve gott sé að vera atvinnulaus, það séu svo mikil fríðindi og kannski segir fólk meira í þessu en satt er. En við þurfum engu að síður að hugsa um að það er mjög vont ef það verður þannig ástand að fólk gengur atvinnulaust um mánuðum eða árum saman.

Ingvar Vigur: Það sem mér finnst vanta, ekki bara frá ASÍ og verkalýðsfélagunum eða stjórnvöldum, að það sé einhver trúverðug heimild, upplýsingasíða t.d. á heimasíðu eða með öðrum hætti þar sem fólk getur slegið inn ákveðnum spurningum t.d. varðandi lánamál og fengið ákveðin svör og möguleika. Þetta þarf að vera einhver hlutlaus aðili sem tekur þetta að sér og fólk getur treyst. Það er fjöldi mjög mikilvægra spurninga í gangi og tiltölulega fáir sem geta svarað þeim vel og svo mætti hugsa sér að það væru nokkrir aðilar sem tækju að sér svörin sem hafa sérþekkingu á hverju máli fyrir sig.

Theódóra: Við megum ekki gleyma því að það þarf svo lítið til að fólk sem er með lágar tekjur lendi í vandræðum. Mér finnst ólíklegt að margir leiti til vina

Margir spyrja sig af hverju nýbygging fyrir LSH eigi að vera forgangsmál. Skilja það ekki.

Ég var einu sinni spurð að því hvort starfið við umönnun gamla fólksins á Grund væri ekki bara hugsjónastarf.

og kunningja og staðan er kannski svipuð hjá þeim. Á umönnunarvinnustöðum vinna t.d. margar fullorðnar konur og þær eru oft að hjálpa börnunum sínum.

Sigurey: Ég hugsa að margir hafi nú gengið í gegnum þetta með börnunum sínum eða sig sjálfa að það getur verið flott og frábært að vera ekki í vinnu yfir sumarið en það kemur fljótt að því þegar allir eru að vinna í kringum mann, að þá fer fólki að leiðast og það sem er hættulegt er ef fólk fer að aðlaga sig þeim aðstæðum að sofa á daginn og kvöldin og vaka á nóttinni og þá tekur við ákveðinn vítahringur og getur orðið mjög erfitt að koma sér út úr því aftur.

Theódóra: Ég hef nú persónulega reynslu af atvinnuleysi úti á landi þar sem okkur gafst kostur á að fara í landgræðsluverkefni og það var mjög gefandi

og skemmtilegt. Í stað þess að hanga og gera ekki neitt, fór fólk að vinna saman að verkefnum og ég sé ekkert athugavert við það að það séu sett upp verkefni fyrir fólk sem er í atvinnuleit og þeir sem mæta fá ákveðna umbun því það hefur enginn gott af því að vera látinn afskiptalaus í atvinnuleysi.

Eiga lífeyrissjóðirnir að fjármagna framkvæmdir t.d. við vegagerð og einnig nýbyggingu Landsspítalans?

Ingvar Vigur: Já, lífeyrissjóðirnir eiga að taka þátt í því að koma atvinnulífinu af stað en þeir þurfa að fara að mikilli varúð og sjá til þess að verkefni séu mikilvæg bæði fyrir vinnandi fólk og þjóðfélagið sjálft. Það þarf líka að meta hvað eigi að vera í forgangi. Margir spyrja sig af hverju nýbygging fyrir LSH eigi að vera forgangsmál. Skilja það ekki.

Theódóra: Ég verða að segja að mér finnst margir mjög neikvæðir út í þessa Landsspítalabyggingu. Í fyrsta lagi veit fólk ekki mikið um þetta því það er enginn að upplýsa almenning. En síðan er fólk búið að horfa á þennan spítala rekinn með tapi ár eftir ár og spyr hvaðan peningarnir eigi að koma þar sem þessi stofnun hefur líka gengið á undan

í því að loka deildum og segja fólki upp í hópum. Er þetta skynsamlegt að leggja fé lífeyrissjóðanna okkar sem við ætlum að nota í ellinni í svona áhættudæmi?

Sigurey: Það er mikil neikvæðni í kringum mig í þessu máli um nýbyggingu LSH. Hefur verið svakalegur halli á LSH svo lengi sem ég man. Við erum að missa þaulvart og gott fólk þarna út, jafnvel úr landi og þarna ætlum við að setja peningana okkar sem við ætludum að nýta til elliáranna. Almennur skilur ekki hvað er í gangi þarna. Fólk finnst sem það hafi enga tryggingu fyrir því að þessum peningum verði ekki tapað. Það vantar eins og víðar í þjóðfélaginu þetta öryggi þar sem það er vantraust sem

Því það hefur enginn gott af því að vera látinn afskiptalaus í atvinnuleysi.

einkennir allt okkar samfélag. Fólk spyr á vinnustöðunum. Ætlið þið virkilega að taka þátt í að byggja nýtt sjúkrahús með hliðsjón af því sem undan er gengið. Kannski ættu stjórnendur LSH að íhuga mjög vel ímyndina sem þeir hafa búið til gagnvart starfsfólkinu sínu og fólkinu í landinu.

Mikill samhugur með þeim sem eru á lakari kjörum

Nú kemur í ljós í Gallup könnuninni að það er mikil samstaða meðal fólks í Eflingu um áherslur á hækkun lægri launa, jafnvel þó það þýði minni hækkun til þess sjálfs. Finnst ykkur þetta ekki merkilegt?

Sigurey: Jú, en við megum ekki gleyma því að stór hluti af okkar félagsmönnum hafa verið á lágu launum lengi og það skýrir mjög vel þessa niðurstöðu. En ekki síður það að kreppan virðist ekki hafa áhrif á þessi sjónarmið. Það er auðvitað ánægjulegt að í öllu þessu umróti skulum við hafa venjulegt launafólk ennþá sem hefur þessi sjónarmið að það hugsar hvort um annað og vill treysta öryggisnetið hjá okkur með því að þeir lægst launuðu fái mest í sinn hlut við kjarasamninga. Þetta sýnir einnig ennþá meira þá nauðsyn að hækka lægstu taxta svo um munar og gefa virkilega í þar.

Theódóra: Fólk veit það líka af langri reynslu að þegar lægri launin hækka, þá



Ingvar Vigur Halldórsson

fer sú hækkan alltaf eitthvað upp eftir launastiganum og hafi það einhvern tímann verið mikilvægt að hækka taxta-kaupið þá er það núna í næstu kjaramningum.

Ingvar Vigur: Ég held að það séu mjög margir Íslendingar sem eiga mikinn samhug og samstöðu til með þeim sem eru á lakari kjörum. Kannski er eitt af því góða við kreppuna að við förum að nýta hluti betur, að fatnaður og ýmsir nytjahlutir fari ekki í ruslið heldur gangi milli barnanna eins og áður var. Vonandi er sá tími liðinn að einhverjir toppar í þjóðfélaginu, peningakerfinu og bönkum geti skammtað sér ofurlaun með launatölum sem við höfum aldrei þekkt. Það var mjög óeðlilegt ástand hérna og það er vonandi á útleið.

Haldið þið að þetta ástand verði til þess að fleira fólk gefi kost á sér í stjórnmal eða inn í verkalyðsfélögin?

Ingvar Vigur: Því miður er það svo að allt of fáir hafa áhuga á félagsmálum.

Það er mikil neikvæðni í kringum mig í þessu máli um nýbyggingu LSH

Almennt vill fólk ekki gefa kost á sér til áhrifa. Finnst sem það sé ágætt að einhverjir aðrir sjái um þau mál fyrir þau hvort sem það er að vera trúnaðarmaður eða í öðrum félagsmálum.

Fáum vonandi hluta af gamla þjóðfélaginu aftur

Signey: Já, þetta getur auðvitað oft orðið viðbótarvinna sem engin laun eða umbun er fyrir og margir eru ekki tilbúnir að leggja þetta á sig. En mig langar til að taka undir það að vonandi fáum við hluta af gamla þjóðfélaginu aftur þar sem fatakassar ganga í fjölskyldunni mann fram af manni þangað til flíkurnar eru slitnar. Það er auðvitað hrikalegur skellur fyrir marga þegar háí standardinn með háu laununum er sviptur af fólki í einni svipan. En þetta var óeðlilegt samfélag sem við bjuggum í þó að fjöldi launafólks hafi auðvitað aldrei upplifað neitt af þeim munaði sem við sáum hjá ofurlaunafólkinu.

Nú er spáð enn meira kaupmáttarfalli framundan og nokkru viðvarandi



Signey A. Ólafsdóttir

atvinnuleysi. Kvíðið þið framtíðinni þegar þið hugsið til allra þeirra sem lifa á lágum launum sem jafnvel munu rýrna enn frekar á næstu mánuðum?

Theodóra: Við vitum að þetta verður erfitt framundan. En ég held líka að bara sú neikvæðni og neikvæði fréttáflutningur sem stöðugt dynur á okkur sé áhyggjuefni út af fyrir sig.

Ingvar Vigur: Já, þetta verður erfitt en ég held líka að margir þurfi að horfast í augu við nýjan veruleika. Held t.d. að það eigi að leyfa fólki að gefast upp. Þeir sem eru komnir á endapunkt og sjá ekki fram úr því verða að fá að verða gjaldþrota og geta risið aftur upp úr því með reisn. Við megum ekki gleyma því að þrátt fyrir allt er mjög gott að búa á Íslandi. Við eigum fyrir mat og hér geisa ekki hungursneiðir eða mannfellir af náttúruhamförum svo sem jarðskjálftum. Það sem skiptir máli er að við einbeitum okkur nú að uppbyggingunni og ég sé fyrir mér að verkalyðsfélögin og lífeyrissjóðirnir geta átt þátt í því.

Theodóra: Mér finnst skipta gríðarlega miklu máli að fólk hafi ekki bara í sig og á heldur að vernda heimilin í landinu þannig að fólk geti haldið heimilum sínum. Það er mjög vont að missa heimili sitt og þarna verða stjórnvöldin að tryggja fólkinu ákveðið öryggi.

Signey: Já, við sjáum það í Gallup könnun stéttarfélaganna að fólk er farið að

spara við sig í mat og fötum og ekki síst sjáum við að fólk sparar við sig í lækni- og heilbrigðisþjónustu. Það er afleitt. Því miður er þetta sama fólk ennþá að horfa á allt of marga hópa í þjóðfélaginu eins og t.d. borgarfulltrúana núna sem eru að taka árslaun venjulegs fólks í þóknarir fyrir fundarsetur í vinnutímanum. Þetta gerir fólk auðvitað ævareitt.

Starfið við umönnun gamla fólksins hugsjónastarf

Theodóra: Já, ég tek undir það að þessu hugarfari þarf að breyta. Ég var einu sinni spurð að því hvort starfið við umönnun gamla fólksins á Grund væri ekki bara hugsjónastarf. Mér fannst þetta umhugsunarefni en vonandi breytist þjóðfélagið núna í þrengingum okkar á þann veg að fleiri verða tilbúnir að fara í slík störf og láta gott af sér leiða.

Fólk ræðir opinskátt um það hvort stjórnir og hreyfingin hreinlega ráði við að taka þær ákvarðanir t.d. varðandi miklar fjárfestingar lífeyrissjóðanna sem geta orðið mjög afdrifaríkar.



Hvað segir Gallup um sameiningu félaganna?

Tækifæri til sameiningar

Hvað segir fólkið í félögunum þremur, Eflingu, Hlíf og VSFK við spurningunni um sameiningu félaganna í eitt stéttarfélag? Þetta var ein af spennandi spurningum könnunarinnar en ekki hefur verið leitað eftir svörum félagsmanna beint áður. Segja má að könnunin gefi mjög ákvæðnar vísbendingar. Um 43% félagsmanna er hlynntir eða mjög hlynntir sameiningunni og svipað hlutfall segist hvorki hlynnt né andvíg sameiningunni. En aðeins um 14% eru mjög andvíg sameiningu. Þar sem engin jákvæð áform fylgja spurningunni eða aðrar forsendur, má leiða líkum að því að þeir sem ekki tjá sig af eða á, geti verið mun hlynntari sameiningu þegar á hólminn er komið.

Þetta gefur stjórnun félaganna mikil tækifæri til sameiningar

Þetta gefur stjórnun félaganna mikil tækifæri til sameiningar ef niðurstaðan verður sú að leggja það til við félagsmenn.

Athyglisvert er að skoða niðurstöður. Þannig eru karlar hlynntari sameiningu en konur og almennt er það þannig að þeim mun eldra sem fólk er og með lengri starfsaldur, þeim mun líklegra er það til

að styðja sameiningu. Þá kemur í ljós að nokkur munur er milli fólks eftir störfum og má nefna að fólk í umönnunarstéttum er fremur hlynnt sameiningu og svo á einnig við um þá sem tengjast ýmsum iðnaðarmannastörfum.

Það er einnig athyglisvert þegar skoðuð eru viðhorf einstakra stéttarféлага, Eflingar, Hlífar og VSFK þá er mest fylgni við sameiningu hjá Hlíf í Hafnarfirði en fæstir eru mjög andvígir sameiningu í Eflingu. Þá vekur sérstaka athygli að atvinnulausir styðja sameininguna langt umfram meðaltalið. Reyndar er það merkilegt hve andstaða við sameiningu er lítil þegar hvorki koma fram upplýsingar um galla og kosti sameiningar.

Það er einmitt mjög mikilvægt að niðurstöður byggjast á opinni spurningu án þess að styðjast við neinar forsendur sameiningar.



Sigurður Bessason

Öflugt starf á hverjum stað

Nú þegar niðurstöður þessarar könnunar liggur fyrir er það vinna okkar forystumanna félaganna að meta næstu skref. Þar tel ég að við þurfum að greina kosti og galla slíkrar sameiningar. Við þurfum að fá svör varðandi fjölda álitamála. Þessi samtöl þurfum við að eiga við stjórn, trúnaðarráð og trúnaðarmenn félaganna áður en við förum með málið í heild sinni til félagsmanna og köllum eftir afstöðu þeirra. Ég hef alltaf talið að rétt unnin sameining með réttum forsendum skili okkur öflugra félagi með aukin félagsleg réttindi en grunnur sameiningar byggir alltaf á því sama. Það er að mikill meirihluti félagsmanna sjái hlut sínum betur borgið í stærra félagi. Þar er grundvallaratriði að starfsemi félagsins þarf að vera öflug á hverjum stað fyrir sig þ.e. í Reykjavík, Hafnafirði og Reykjanesbæ.

Kolbeinn Gunnarsson

Stór hluti félagsmanna tilbúinn í þessa vinnu

Í Gallupkönnun okkar er forvitnilegt að sjá hve stór hluti félagsmanna allra félaganna er tilbúinn að fara í þá vinnu um að sameina félögin þrjú sem eru hér á Flóasvæðinu. Ég tel rétt að formenn hittist í fyrstu og fari yfir þessar niðurstöður með það í huga að horfa til að meta kosti og galla til slíkrar sameiningar. Umræðan þarf að eiga sér stað í stjórnnum félaganna og meðal trúnaðarmanna, auk þess sem þurfum að kynna félagsmönnum mjög vel þær hugmyndir sem lagðar verða til grundvallar sameiningu ef ákveðið verður að fara í þann feril. Síðan er það félagsmanna að ákveða í allsherjaratkvæðagreiðslu hvers félags hvort af sameiningu verður. Komi til sameiningar þarf að tryggja góða þjónustu og starfsemi í hverju sveitafélagi með þjónustuskrifstofu fyrir félagsmennina.





Íslendingar að starfi í Noregi

Spennandi tímar framundan

- segir Jón Ari Jónsson

Jón Ari með Árnýju Lind, dóttur sinni, í vélavinnu heima á Íslandi meðan allt lék í lyndi...

Ég hef víða komið að verkefnum á vegum Ístaks frá því ég hóf störf sem vélamaður hjá fyrirtækinu árið 1997 og flest hafa verið á Stór-Reykjavíkursvæðinu. En verkefni þar fyrir utan eru m.a. við Sultartangavirkjun, Hvalfjarðargöng og í Færeyjum, segir Jón Ari Jónsson, en hann er meðal Íslendinga sem reyna nú fyrir sér á nýjum vettvangi í Noregi þar sem Ístak er með verkefni við gangnagerð í smábæ í Noregi sem heitir Lonevog og er stutt frá Bergen. Jón lætur vel af stuttri dvöl sinni í regnbænum Björgvin en ennþá er samt lítil reynsla komin á veru hans og hann bíður spenntur eftir fyrsta launaumsluginu.

Við vorum ellefu manns sem fórum til Noregs í byrjun september og byrjuðum strax að undirbúa framkvæmdirnar. En

Jón lætur vel af stuttri dvöl sinni í regnbænum Björgvin

verkefnið hljóðar uppá að gera tveggja kílómetra löng jarðgöng og vegaspotta við gangnamunnana. Jón Ari segir að verkið hafi farið vel af stað og núna séu þrjátíu manns komnir á staðinn. Vinnubúðirn-

ar taka eitthvað um 60 til 70 manns og starfsmönnum á eftir að fjölga talsvert þegar framkvæmdirnar er komnar vel af stað, segir hann.

Um vinnutímann segir Jón að starfsmenn hefji störf klukkan sjö að morgni og vinnudeginum ljúki klukkan sex og unnið sé alla daga nema á sunnudögum. Mannskapurinn vinnur í fjórar vikur og fari svo í tveggja vikna frí sem hefst alltaf á miðvikudögum þannig að hann er tvær helgar heima með fjölskyldunni í hverjum mánuði.

Aðspurður um launin segist Jón Ari lítið vita um þau ennþá vegna þess að hann hafi ekki fengið laun ennþá. Ég geri ráð fyrir að launin verða greidd í norskum krónum og ég bíð spenntur eftir að sjá hvernig það kemur út.

Aðbúnaðurinn fyrir starfsmenn er mjög góður og þannig hafi það alltaf verið hjá Ístak. Þegar Jón Ari er spurður um tómstundir segist hann nota frítíma sinn í gönguferðir um nágrenni staðarins og spilamennska og skoðunarferðir til Bergen eru líka vinsælar.

Það er áætlað að verkið taki tvö ár en ég reikna með að Ístak reyni að skila því fyrr og sýna hvað í þeim býr og auka þannig möguleika á að fá fleiri verk í Noregi, segir hann. Aðspurður um hvort að hann gæti hugsað sér að halda áfram að vinna í Noregi þegar framkvæmdum við jarðgöngin lýkur segir Jón Ari að Ístak sé að bjóða í mörg verkefni þar og hann væri tilbúinn að taka þátt í næsta verkefni ef fjölskylda hans væri því sammála.



Jón Ari í Noregi ásamt vinnufélögum sínum



Þú ákveður hvort þú vilt fá mótframlag

Með því að gera samning
um annaðhvort 2% eða 4% séreignarsparnað
þá tryggir þú þér 2% mótframlag atvinnurekanda

Samningur um séreignarsparnað

	JÁ 2%4%		NEI
Heildarlaun	100.000,-	100.000,-	100.000,-
Þitt framlag	2.000,-	4.000,-	0,-
Mótframlag	2.000,-	2.000,-	0,-
Heildarinnborgun	4.000,-	6.000,-	0,-



Gildi var valinn besti lífeyrissjóðurinn
á Íslandi fjögur ár í röð, 2005, 2006,
2007 og 2008 af tímaritinu IPE.





UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem rétthafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Löggjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er litið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- ☐ **Framtíðarsýn 1**
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35%
- ☐ **Framtíðarsýn 2**
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20%
- ☐ **Framtíðarsýn 3**
Bundinn
innlánsreikningur

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrit af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Á Ráðhustorginu

Kaupmannahöfn

Hrunið bítur - búið um sinn

Allt frá árinu 2005 hefur Efling boðið upp á frábæra orlofskosti í Kaupmannahöfn þar sem félagið leigði allt að fjórar íbúðir þegar mest var. Voru þetta allt glæsilegar og vel staðsettar íbúðir enda nutu þær mikilla vinsælda meðal félagsmanna. En hrunið bítur hægt og hljótt. Nú er ljóst að þessi kostur verður ekki í boði fyrir Efling-afélaga á næstunni.

Í kjölfar efnahagshrunsins fyrir rúmu ári snarféll gengi íslensku krónunnar eins og kunnugt er og þar með hækkaði leigugjald fyrir íbúðirnar í Kaupmannahöfn í sama hlutfalli. Leigusamningar um þær

Félagið neyðist til að leggja af þessa starfsemi að minnsta kosti um sinn

voru í dönskum krónum þar sem skipt var við þarlanda leigumiðlun. Engin leið var að verja þann gríðarlega kostnað sem fólst í leigu íbúðanna og ekki hægt að mæta því með hækkuðum leigugjöldum.

Strax eftir hrunið var reyndar dregið saman og íbúðum fækkað en ákveðið að reyna að þróa með eina íbúð í

þeirri von að gengið rétti sig af aftur. Því miður er það síður en svo að ganga eftir og er staðan nú sú að félagið neyðist til að leggja af þessa starfsemi að minnsta kosti um sinn.

Síðustu íbúðunum verður skilað nú um áramót og þar með er lokið þessum kafla í orlofsmálum Eflingar í bili. Hins vegar hefur reynslan verið svo góð að enginn vafi er á að þegar gjaldmiðla- og gengismál þjóðarinnar lagast mun eflaust verða skoðað að hefja þessa starfsemi aftur.

Þess má geta að eftirspurn eftir íbúðum á vegum stéttarfélaga og eigenda íbúða í Kaupmannahöfn er sáralítill eftir gengishrunið. Það má því segja einnig þess vegna sé sjálfhætt með þessa þjónustu.



Orlofshúsin vinsæl í vetur

Mikil aðsókn hefur verið í húsin og íbúðirnar okkar í vetur og sjáum við pantanir hjá okkur 4-5 vikur fram í tímann. Félagsmenn voru fljótir á sér

í haust þegar byrjað var að úthluta í vetrarleigu og pöntuðu snemma jól og áramót sem nánast er orðið fullbókað hjá okkur.

Greinilegt er að fjölskyldur, saumaklúbbar og fleiri nýta sér góð og velútbúin húsin okkar til að hittast og hafa gaman. Í vetur höfum við séð skemmtilega hópa skunda um götur Akureyrar og í góðum göngutúrum í sveitinni.

Sveitakyrrið að vetri!

Pantaðu tímanlega í vetrarleigu

Efling hefur uppá að bjóða mikinn fjölda velútbúinna húsa og íbúða víðs vegar um landið. Félagsmenn Eflingar hafa verið duglegir við að fara burt úr stressinu í Reykjavík og eyða helgunum í sveitakyrrið um helgar.

Til þess að sjá nánari upplýsingar um húsin, stærð, staðsetning og verð getur þú farið á heimasíðu félagsins www.efling.is og smellt þar á síðu orlofssjóðs.

Skráning í húsin er í síma 510 7500 eða hjá okkur á skrifstofunni Sætúni 1, 105 Reykjavík.





Nám hjá borginni

Nýjar hugmyndir til að bæta þjónustuna

-segir Aðalsteinn D. Stefánsson

Það var auðsött mál að taka mynd af hópnum sem tók þátt í námskeiðinu

Þetta námskeið er algerlega til fyrirmyndar, segir Aðalsteinn D. Stefánsson, sem vinnur við sorphirðu og hefur að undanfögnu setið með hópi karla sem vinna hjá borginni á þjónustunámskeiði. Þetta eru starfsmenn sem vinna hjá Umhverfis- og samgöngusviði, Sorphirðunni, Umferðardeild og Garðyrkjunni. Mímír- símenntun sá um framkvæmd námsins og nemendurnir, sem stóðu sig mjög vel í náminu voru útskrifaðir þann 12. nóvember sl.

Aðalsteinn D. Stefánsson, vinnur við sorphirðu og er trúnaðarmaður Eflingar. Hann sagði að og það væri samdóma álit þátttakenda að námsefnið, skipulag og kennslan væri til fyrirmyndar.

Námskeiðið var í þremur hlutum og fyrsta hlutanum sem var 40 kennslustundir er nú lokið. Núna erum við í öðrum hluta og hann er 110 kennslustundir. En reiknað er með að kennslustundir verði 200 og þriðja námskeiðið verði haldið á næsta ári.

Aðspurður um námsefnið segir Aðalsteinn að það fjalli m.a. um framkomu við viðskiptavini og ásýnd og virðingu við vinnustaði og við komum líka með nýjar hugmyndir til þess að bæta þjónustuna. Kennslan fer fram á þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 9.00 til 16.00 og þátttakendur fá greidd laun á náms-tímanum.

Efling greiðir námskostnaðinn.

Námið fer að mestu fram með myndum

sem sýna þjónustu hjá þekktum fyrirtækjum á Stór- Reykjavíkursvæðinu og í samræðum nemenda og kennara. Svo erum við líka mikið í verkefnum og höfum m.a. kannað þjónustu hjá nokkrum fyrirtækjum og eins og búast mátti við komu þau misjafnlega út. Næsta skref er að miðla þeim þáttum sem voru jákvæðir í könnuninni til fyrirtækjanna sem við vinnum hjá, sagði Aðalsteinn að lokum.



Aðalsteinn D. Stefánsson

Námsefni, skipulag og kennsla er til fyrirmyndar



Matvælanám fyrir okkar fólk

Tilraunakennsla fljótlega

-segir Atli Lýðsson, fræðslustjóri

Atli Lýðsson

Síðustu mánuði hefur Starfsafl leitt vinnu við undirbúning að nýju námi í matvælavinnslu í samstarfi við Rannsóknþjónustuna Sýni ehf og Eflingu stéttarfélag. Við mynduðum vinnuhóp utan um þá hugmynd að byggja á námskeiðum og námsefni frá Sýni en það fyrirtæki hefur verið leiðandi á sviði námskeiða fyrir okkar fólk í matvælavinnslu, segir Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar í samtali við blaðið. Auk Eflingar, Starfsafls og Sýni eiga þarna sæti fulltrúar Matvælastofnunar, Landsmenntar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Starfsmenn Sýnis hafa að undanfögnu unnið hörðum höndum með okkur við að útbúa námsskrá í samráði og samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og undirbúningshópinn. Starfsmenn Sýnis hafa mikla reynslu á þessu sviði, ekki síst með því að bjóða upp á sveigjanlega

Starfsmenn Sýnis hafa mikla reynslu á þessu sviði

kennslu sem fellur að vinnsluferlum fyrirtækja, heldur Atli áfram. Ætlunin er að bjóða upp á 55 kennslustunda grunnám, dreift yfir lengra tímabil, ætlað öllum almennum starfsmönnum í matvælavinnslu, að viðbættum 5 kennslustunda sérhæfðu námi sem fer eftir fagsviði starfsmanna. Sem dæmi um námsgreinar í grunnnáminu nefnir Atli matvælaeftirlit, matvælavinnslu, örveiruvarnir og innra eftirlit.

Sérhæft 5 stunda nám fylgir svo í kjölfar grunnnáms þar sem farið verður í atriði sem eru bundin hverri grein. Til dæmis má nefna greinar eins og brauð- og

kökugerð, mjólkurvinnslu, fiskvinnslu, kjötvinnslu, korn- og fódurvinnslu og fleiri greinar. Að auki er hægt að sveigja námið að hverjum vinnustað með vali á verkefnum innan grunnnámsins. Það er alveg ljóst að þarna erum við að feta okkur í átt að samræmdri grunnmenntun í meðferð matvæla sem ætti að gagnast okkar fólki mjög vel.

Sem fyrr segir er námsskráin í vinnslu en vonir standa til að fara af stað með tilraunakennslu fljótlega sem yrði í höndum Sýnis. Þeir lærdómar sem fást við tilraunakennsluna verða síðan nýttir til að gera lokaútgáfu námsskrárinnar sem yrði undir yfirumsjón Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Við vonumst síðan til að námið verði viðurkennt af menntamálaráðuneytinu til eininga á framhaldsskólastigi, en það skiptir máli fyrir okkar félagsmenn, sagði Atli að lokum.

AUGLYSING KJÖRÍS
kemur í Odda

Fræðslufundur félagsliða

Starfslýsingar undirstaða góðs skipulags

-segir Jórunn Frímannsdóttir



Góðar starfslýsingar eru undirstaða stjórnunar og góðs skipulags á vinnustað, sagði Jórunn Frímannsdóttir, borgarfulltrúi og formaður Velferðarráðs borgarinnar á fjölmennum fundi með félagsliðum Eflingar í síðustu viku. Tilefni umræðunnar var m.a. sú gagnrýni sem fram hefur komið um að ekki hafi verið gengið frá starfslýsingum félagsliða hjá Reykjavíkurborg um nokkurra ára skeið. Jórunn sagðist munu fylgja málinu eftir. Á fundinum flutti Sigrún Erlendsdóttir, deildarstjóri á Droplaugarstöðum erindi um líknandi meðferð. Einnig fór Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar yfir störf Velferðarvaktarinnar og framhaldsnám hjá félagsliðum.

Í máli Jórunnar Frímannsdóttur kom fram að félagsliðar gegndu mikilvægu hlutverki í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar þar sem að heimaþjónustan fer vaxandi. Meiri þörf er á félagslegum stuðningi, þar sem notendur eru veikari



Jórunn Frímannsdóttir

og þurfa sérhæfðari þjónustu. Þar nýtist menntun félagsliða mjög vel.

En Jórunn nefndi einnig að starfslýsingar væru mikilvægar þegar kæmi að stjórnun og skipulagi á vinnustað. Í þeim eru skilgreind verkefni og ábyrgðarsvið starfs, ásamt upplýsingum um eðli starfs og grunnkröfur til starfsmanns sem gegnir því.

Talsverð gagnrýni kom fram á fund-

inum hvað það hefur dregist að ganga frá starfslýsingum félagsliða hjá Reykjavíkurborg en þær hafa verið til í drögum frá 2004. Þá var einnig gagnrýnt að þeir sem sinntu störfunum væru ekki hafðir með í ráðum við gerð starfslýsinga. Jórunn taldi að starfslýsingarnar hefðu verið yfirfarnar og uppfærðar með tilliti til starfanna í dag og mun fylgja því eftir.

Jórunn telur að efla þurfi þverfaglegt samstarf og stuðning við félagsliða og starfsmenn heimaþjónustu. Kraftar allra nýtist betur í þverfaglegu samstarfi og markmiðasetningu notenda. Þá sér Jórunn fyrir sér að hægt verði að þróa þríf á tvennan hátt. Þjónusta til þeirra sem bara þurfa þríf og síðan „félagsleg þríf“.

Þá gera ný störf í búsetukjörnum fyrir geðfatlaða kröfu um félagsliðamenntun. Í þeim störfum mun þekking félagsliða nýtast vel.

Velferðarsvið mun leggja sig fram um að bjóða spennandi og fjölbreytt störf fyrir félagsliða. Mikilvægt er að þessi áhersla velferðarsviðs endurspeglst í störfum og áætlunum sem gerðar eru til að tryggja fjölbreytileika.

Þar nýtist menntun félagsliða mjög vel.

Skiptir máli að hafa fagaðila á heimilinu

-segir Sigrún Erlendsdóttir

Sigrún Erlendsdóttir á Droplaugarstöðum flutti áhugavert erindi um líknandi meðferð. Hún tók undir með Jórinni að það skiptir máli að hafa fagaðila á heimilinu og þar skipta félagsliðar máli. Því mætti hugsa sér að hafa aðra sem væru eingöngu í þrifum.



www.efling.is

Velferðarvaktin

Mikilvægt hvernig börnum reiðir af í kreppunni

-segir Sigurrós Kristinsdóttir

Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar fór yfir það sem er að gerast á Velferðarvaktinni. Hún situr þar inni f.h. ASÍ. Það eru hátt í 20 manns sem sitja í þessum stýrihópi en fundað er einu sinni í viku. Þá eru nokkrir undirhópar, þannig að allt í allt eru um 100 manns sem koma að þessari vinnu. Velferðarvaktin var stofnuð fljótlega eftir hrunið á síðasta ári.

Einn vinnuhópur hefur verið að fjalla um börnin okkar. Mikilvægt er að fylgjast með því hvernig þeim reiðir af í kreppunni, segir Sigurrós. Þannig er m.a. tryggt að öll börn fái mat í skólum. Fram kom í máli Sigurrósar að barnaverndarmálum hefur fjölgað. Þá er verið að skoða sérstaklega ungt fólk sem er án atvinnu. Í kjölfar atvinnuleysis í Finnlandi var stór hópur ungs fólks á milli 18 og 25 ára og allt til þrítugs sem festist í bótakerfinu en það má ekki koma fyrir hér. Sinnuleysi og þunglyndi í kjölfar atvinnuleysis er eitthvað sem þarf að bregðast við. Maður á mann er eitthvað sem þarf að vera notað meira.

Sinnuleysi og þunglyndi í kjölfar atvinnuleysis er eitthvað sem þarf að bregðast við



Verið er að skoða með að setja félagsliðanámið inn í námsskrá hjá fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Verið að undirbúa félagsliðanám í geðfötluninni í samráði við Mími og

er stefnt að því að bjóða námið næsta haust.

Þá nefndi Sigurrós að það yrði nauðsynlegt að faghópur félagsliða kæmi að undirbúningi námsleiðarinnar.



Skrifstofustjóri Gildis

Flest lán í fullum skilum

-segir Örn Arnþórsson

Það kom fram í máli Arnar Arnþórssonar, skrifstofustjóra Gildis - lífeyrissjóðs í viðtali við Eflingarblaðið að langstærstur hluti af lánasafni sjóðfélaga hjá Gildi - lífeyrissjóði eru í fullum skilum eða 93% lánanna. Hann sagði það ljóst að margir væru að nýta sér þau úrræði sem væru í boði hjá sjóðnum en mikil áhersla væri hjá Gildi að aðstoða alla þá sem leita til sjóðsins um úrræði í lánamálum þeirra. Hann nefndi sem dæmi að um 165 lán hefðu verið sett í frystingu

Margir eru að nýta sér þau úrræði sem í boði eru

en hægt er að frysta lán í allt að 12 mánuði.

Örn sagði að staða Gildis í lífeyrismálum væri sú að um 3600 sjóðfélagalán væru hjá sjóðnum upp á um 11,5 milljarða og væru þar af 93% í fullum skilum, 2% eru

í lögfræðinnheimtu og 5% eru í vanskilum með 30 daga eða meira. Við 90 daga vanskil kemur að lögfræðinnheimtu. Fram kom hjá honum að það er einmitt verið að vinna í þessum vanskilahópi til að halda þessu sem mest í skilum. Alls hafa um 165 lán verið sett alveg í frystingu, 6 mánaða eða 12 mánaða frystingu og 40 til viðbótar þar sem við höfum verið að skuldbreyta þannig að sjóðfélagar hafa verið að nýta sér heilmikið þessi úrræði sem í boði eru, segir hann.

Þeim aðilum sem ekki duga þau úrræði sem Gildi – lífeyrissjóður býður upp á og eru jafnvel með önnur og meiri fjárhagsleg vandamál er bent á Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eða sinn viðskiptabanka og þá varðandi sértæka skuldaaðlögun einstaklinga.



Coca-Cola®



Coca-Cola

opnaðu jólin

www.coca-cola.is



Jakinn í Sundahöfn 25 ára

100 ára starfsaldur

-segir Einar Sigurðsson

Arngrímur Benjamínsson, Sverrir Benjamínsson, Pétur Breiðfjörð Indriðason og Einar Sigurðsson við Jakann sem þeir hafa þjónað með sameiginlegum starfsaldri í heila öld

Við erum hér fjórir sem erum með nærfellt heillar aldar starfsaldur á Jakanum þar sem við höfum nánast allir unnið hér þau 25 ár sem hann hefur verið starfræktur, segir Einar Sigurðsson um hóp kranamanna sem hafa fylgt Jakanum alveg frá upphafi. Þann 30. október sl. var haldið uppá 25 ára vígsluafmæli Jakans, gáma-krana sem Eimskip lét reisa í Sundahöfn árið 1984 og hefur þjónað fyrir-tækinu óslitið síðan.

Einar Sigurðsson er í hópi fjögurra manna sem hófu störf á Jakanum þegar hann var tekinn í notkun. Hann segir að Jakinn hafi alltaf verið á sama stað í Sundahöfn. Við eru fjórir sem höfum unnið á kran-anum frá upphafi en ég tók mér frí í tvö ár og kom svo aftur, segir hann.

Áður en Jakinn kom voru það bílkrantar

Hann hefur þjónað fyrirtækinu afburða vel og það eru ennþá töggur í honum.

sem hífðu gámana um borð í skipin og bómurnar hafi rétt svo náð inná þilförin. En með tilkomu Jakans urðu gífurlegar framfarir í vöruflutningum til og frá landinu og núna er eingöngu tuttugu- og fjörutíu feta gámar notaðir við flutninginn, segir hann.

Einar segir að Jakinn hafi staðið sig gríðarlega vel og ekkert óhapp hafi orðið sem hægt sé að tala um. Aðspurður um starfsaðstöðuna á krananum segir Einar að stjórnhúsið sé í 26 metra hæð frá jörðu og aðstaðan sé þolanleg. En það getur verið þreytandi að sitja þarna uppi

kengboginn og horfa niður á milla lappanna allan liðlangan daginn og fylgjast með gámunum í gegnum gat á gólfinu, segir hann.

Þegar Einar er spurður hvort ekki séu takmörk fyrir því við hvaða aðstæður hægt sé að halda áfram vinnu segir hann að ef veðurhæð fari yfir átta vindstig yfirgefi þeir kranann eftir að gengið hafi verið tryggilega frá honum. En stundum er vinnu haldið áfram og þá tekur vindurinn vel í gámana, segir hann.

Einar mun halda áfram að vinna á Jakanum á meðan kraninn hangir uppi, segir hann. En hann hefur þjónað fyrirtækinu afburða vel og það eru ennþá töggur í honum. Einn af kostunum við þetta starf er gríðarlega fallett landslag og maður horfir á margbreytileg málverk alla daga, sagði Einar og brosti.



Unnið við að reisa kranann í Sundahöfn sumarið 1984

Ljósm. Gandi

ÞÚ TRYGGIR EKKI EFTIR Á

ERTU AÐ TAPA RÉTTINDUM?

**Með því að greiða félagsgjaldið
viðheldur félagsmaður
réttindum sínum hjá félaginu**

Allar líkur eru á því að margt launafólk geti staðið frammi fyrir uppsögnum á næstu vikum og mánuðum. Mikilvægt er að minna á að þegar sótt er um atvinnuleysisbætur, þá er launamanni það í sjálfsvald sett hvort hann greiðir félagsgjald til stéttarfélags síns eða ekki. Með því að greiða félagsgjaldið viðheldur félagsmaður réttindum sínum hjá félaginu svo sem réttindum í sjóðum félagsins sem taka þátt í kostnaði vegna sjúkradagpeninga, sjúkraþjálfunar og menntunar félagsmanna.

Þegar sótt er um atvinnuleysisbætur eða greiðslur í fæðingarorlofi hjá fyllir viðkomandi út umsóknareyðublað um greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði eða hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Þá þarf að merkja við að umsækjandi vilji að félagsgjöld séu dregin af viðkomandi greiðslum.

Með því að greiða ekki félagsgjald af þessum greiðslum tapast því mikilvæg réttindi.



Við erum mjög ánægð á Eflingu þar sem við lítum á þetta sem viðurkenningu fyrir þær úrlausnir sem við höfum lagt til fyrir fólk í atvinnuleit, segir Atli Lýðsson fræðslustjóri um nýjan styrk frá Starfsmenntaráði vegna verkefnisins „stoð og stytta í atvinnuleit“ og fékk umsóknin brautargengi hjá ráðinu. Þarna er verið að leita lausna fyrir fólk í atvinnuleit með því að leita til fyrirmýnda sem hafa tekist vel, segir hann.

Markmiðið er að byggja upp mentorakerfi fyrir atvinnuleitendur, einkum þann vaxandi hóp sem glímur við langtímaatvinnuleysi, segir Atli. Byggt verður á hugmyndafræði jafningjafræðslu og sjálfbodaðistarfs með hliðsjón af verkefninu *Mentor er málið*, fyrir konur af erlendum uppruna, sem Rauði Krossinn hefur haldið utan um, en það verkefni var búið til að frumkvæði Eflingar-stéttarfélags, Rauða krossins og fleiri aðila.

Byggt verður undir kerfið með upplýsingum víða að og samstarfi þeirra sem þekkja til markhópsins og aðstæðna hans, segir Atli.

Markmiðin fyrir þátttakendur eru:

- Hjálp til sjálfshjálpar,
- Að vinna gegn niðurbroti

Miðað er við að mentorar séu sjálfir virkir atvinnuleitendur eða fyrrverandi atvinnuleitendur sem búnir eru að fá starf

- Stækka tengslanetið og auka möguleika til starfa.
- Miðað er við að mentorar séu sjálfir

virkir atvinnuleitendur eða fyrrverandi atvinnuleitendur sem búnir eru að fá starf. Verkefnið gagnast því mentorunum ekki síður en þeim sem þeir leiðbeina.

Stoð og stytta í atvinnuleit er unnið í samstarfi fjölmargra aðila. Þeir sem koma til með að halda utan um þróunarferlið ásamt Eflingu eru Rauði krossinn, Vinnumálastofnun og fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Atli leggur mikla áherslu á að án þessara aðila hefði verið nánast ómögulegt að ráðast í verkefnið.



Best í heimi

ISAL náði bestum árangri allra álvera heims við að lágmarka losun flúorkolefna árið 2008.* Flúorkolefni eru sterkar gróðurhúsalofttegundir og stór hluti af heildarlosun margra álvera. Með því að skara fram úr á þessu sviði losar álverið í Straumsvík 130 þúsund tonnum minna af CO₂-ígildum á ári en ef losun þess væri í meðallagi. Þess vegna segjum við hiklaust: „Það er gott að framleiða ál í Straumsvík!“


Það er stefna fyrirtækisins að vera í fremstu röð í allri starfsemi sinni, hafa stöðugar umbætur að leiðarljósi og starfa ávallt í sátt við umhverfi og samfélag. Lykillinn að góðum árangri okkar er metnaður, þekking og hæfni starfsfólks okkar.

* Samkvæmt nýrri skýrslu International Aluminium Institute.

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000

www.riotintoalcan.is



Rio Tinto Alcan
ISAL-STRAUMSVÍK

Fór í starfsmannaskiptum ESB til Köben

Hefur aukið starfshæfni mína

- segir Pétur Ingi Pétursson



Ég var í Kaupmannahöfn í viku og var m.a. úti á markaðnum með tækni-mönnum og gæðaeftirlitsmönnum og fékk góða innsýn inni þetta kerfi frá mjög góðu sjónarhorni, segir Pétur Ingi Pétursson um ferð sína á vegum Leonardó mannaskiptaverkefnisins síðastliðið sumar. Pétur Ingi er verkstjóri í þjónustudeild Vífilfells og hefur nú bæst í fjölmennan hóp eflingarfélaga sem hafa nýtt sér starfsmannaskipti Evrópusambandsins. Hann er mjög ánægður með skipulag ferðarinnar. Hún hafi verið lærdómsrík og ekki

Þessi reynsla hafi aukið starfsgleðina

síst að kynnst fólkinu sem starfar við svipuð störf og hann hjá Vífilfelli. Enginn vafi sé á að ferðin hafi aukið starfshæfni hans og persónulega hæfni í starfi.

Pétur Ingi dvaldi í borginni í eina viku og kynnt sér kerfi sem heitir Beging Box. Þetta eru sýrópskassar með plastpoka inni sem verið er að íhuga að nota hér heima í staðinn fyrir kúta, segir hann.

Lengi hafi staðið til að taka þetta kerfi upp hér í staðinn fyrir kútana en slík ákvörðun hafi ekki verið tekin ennþá. Vegna þess m.a. að það þyrfti að breyta uppsetningu á öllum tækjum á veitingastöðum, skemmtistöðum, kvikmyndahúsum og fleiri stöðum og því fylgir mikill kostnaður. En kassarnir eru ódýrari umbúðir, léttari í meðförum og hafa ýmsa fleiri kosti framyfir kútana.

Pétur Ingi sagði að það hafi verið mjög vel hugsað um hann þann tíma sem hann dvaldi í Kaupmannahöfn og skipulag ferðarinnar hafi verið mjög gott. Við höfum unnið mikið með Coca-Cola á hinum Norðurlöndunum og mér fannst

mjög gaman að kynnst fólki sem starfar í sömu atvinnugrein. Ég gerði skýrslu sem ég vann á kvöldin þarna úti og tók fjölda mynda og tengdi þær við textann. Þegar ég kom heim, kynnti ég skýrsluna fyrir samstarfsfólki mínu og fékk góðar undirtektir.

Pétur Ingi er ekki í neinum vafa um að sú þjálfun sem hann fékk í ferðinni hafi aukið starfshæfni ásamt persónulegri hæfni hans. Hann segir líka að þessi reynsla hafi aukið starfsgleði hans þar sem hann finnur nú nýjar leiðir til að vinna þau verk sem hann hefur umsjón með.

Pétur hóf störf hjá Vífilfelli 1989, þá fimmtán ára og hefur unnið hjá fyrirtækinu síðan. Hann fékk styrk frá Starfsafli síðastliðið vor til þess að kynna sér starfsemi samstarfsaðila Vífilfells á norðurlöndum - Coca-Cola Nordic region í Kaupmannahöfn.

STARFSMANNASKIPTI er verkefni í Leonardó hluta Menntaáætlunar ESB sem styður það markmið Evrópusambandsins að verða eitt helsta þekkingarsamfélag heims. Helstu markmið verkefnisins eru að styðja einstaklinga til þátttöku í sí- og endurmenntun, efla gæði og styðja við nýsköpun og auka aðdráttarafl starfsmenntunar og starfsþjálfunar meðal einstaklinga og atvinnurekenda.



Begin Box kerfi



Eflingarfélagar nýta sér heilsustyrki í kreppunni

Ánægjuleg þróun hjá sjúkrasjóðnum

-segir Guðrún Óladóttir

Það er ekki allt neikvætt sem fylgir kreppu efnahagslífsins. Í tölum frá Sjúkrasjóði félagsins kemur fram að fyrstu níu mánuði ársins 2009 hefur

styrkjum vegna heilsueflingar fjölgað um tæpan helming eða um 47% miðað við fyrstu níu mánuði ársins 2008. Um er að ræða styrki til líkamsræktar og hvers

Atvinnulausir félagsmenn duglegastir

konar hreyfingar sem felur í sér heilsuvernd. Á sama tíma hefur félagsmönnum fækkað lítillega.

Það er einnig ánægjulegt að atvinnulausir félagsmenn eru að tiltölu duglegastir að nýta sér heilsueflingarstyrki enda hafa verið færðar sönnur á að virkni og regluleg hreyfing eru mikilvæg undirstaða heilbrigðis við þær aðstæður sem skapast þegar fólk verður fyrir atvinnumissi og tekjulækkun.

Það er því ánægjulegt, segir Guðrún Óladóttir, forstöðumaður sjóðsins að æ fleiri Eflingar-félagar kjósi að sinna heilsueflingu á þessum erfiðu tímum.

Veist þú að?

- Sjúkrasjóður Eflingar greiðir 50% af kostnaði vegna greiningar á lesblindu, þó að hámarki 15.000 kr. Vegna námskeiðs til að vinna bug á lesblindunni fæst síðan styrkur úr fræðslusjóðum Eflingar.
- Sjóðurinn greiðir styrk vegna blöðruhálsskoðana karla að hámarki 5.000 kr.



We are all important!

- let's work together!

Sætúni 1 • 105 - Reykjavík • Sími: 510 7500 • Fax: 510 7501 • www.efling.is





Nýtt nám hjá Sæmundi fróða

Hótel – Matur – Ferðir

Sæmundur fróði sem er símenntunarstöð í eigu Menntaskólans í Kópavogi og Iðunnar fræðsluseturs, býður upp á nýja möguleika til náms í hótél-, veitinga og ferðagreinum. Námið er hugsað fyrir þá sem starfa eða hafa áhuga á að starfa í þessum geira og vilja auka færni sína til að sinna störfum á hótélum og gististöðum. Námið gefur einnig aukin tækifæri til fagmenntunar á þessu sviði því það er metið til eininga sem síðan eru metnar sem hluti af námi í ferða-, og veitingagreinum.

Lögð er áhersla á upplýsingatækni í ferðabjónustu, bjónustu í sal, hrein-

lætisfræði, ensku, samskipti, ferðabjónustu á Íslandi og skyndihjálp.

Kennslan fer fram í Hótel- og matvæla-skólanum í Menntaskólanum í Kópavogi frá 14:00-17:00 fjórum sinnum í viku febrúar til apríl 2010 og á sama tíma október til nóvember 2010.

Kennslustundafjöldi er 160 klst þ.e. 80 klst á hvorri önn.

Verð: 150 þús alls fyrir námið sem skiptist á tvær annir - 75 þúsund hvora önn

Leitast verður við að koma sem best til

móts við nemendur af landsbyggðinni. Boðið verður upp á kennslu með dreifmenntasniði þ.e. að kennslan fari að hluta til fram á netinu og að hluta til í námskeiðsformi, staðsett eftir samkomulagi.

Starfsmenntasjóðir verkalýðsfélaganna styrkja félagsmenn sína til náms hjá Sæmundi fróða.

Nánari upplýsingar gefur Margrét S. Sigbjörnsdóttir í síma 594-4000 / 663-1862 eða mss@mk.is

Námið gefur einnig aukin tækifæri til fagmenntunar á þessu sviði



Lærdómsríkt

Trúnaðarmannanámskeið

-segir Ingólfur Björgvin Jónsson

Þátttakendur ásamt þeim Ragnari Ólasyni og Póri Guðjónssyni frá Eflingu

Átta trúnaðarmenn tóku þátt í trúnaðarmannanámskeiði 1 sem var haldið í Fræðslusetri Eflingar í október sl. Við litum við á námskeiðinu þegar skammt var liðið á lokadaginn og ræddum við Ingólf Björgvin Jónsson starfsmann hjá Sorpu á urðunarsvæði höfuðborgarsvæðisins á Álfsnesi. Hann sagðist hafa unnið þar í þrjú ár og tekið við starfi trúnaðarmanns í nóvember á síðasta ári. Ég sá námskeiðið auglýst og ákvað að sækja

Ég er búinn að læra heilmikið um trúnaðarmannastarfið og starfsemi Eflingar

um og sé ekki eftir því vegna þess að ég er búinn að læra heilmikið um trúnaðarmannastarfið og starfsemi Eflingar, segir hann.

Það hefur komið mér á óvart hvað réttindi félagsmanna í sjóðum félagsins eru mikil og sama má segja um kjarasamninginn. Aðspurður hvort að hann hafi nýtt sér réttindi sín, segist Ingólfur hafa fengið íþrótt- og glæraugnastyrk og það ýtti undir aðra starfsfélaga mína, segir hann.

Hann hefur hvatt vinnufélagana til

þess að kynna sér réttindi sín vel. Þegar Ingólfur er spurður um ástandið á vinnustaðnum eftir að bankarnir hrundu segir hann að þeir hafi þurft að taka á sig kjaraskerðingu uppá 30-40 þúsund á

mánuði og hún komi mismikið niður á starfsfólkinu. En maður verður að setta sig við orðinn hlut og vera þakklátur fyrir að hafa vinnu og eyða vinnudeginum með frábæru samstarfsfólki.



Ingólfur Björgvin Jónsson, trúnaðarmaður

Líf og fjör í fræðslustarfi trúnaðarmanna

Mikilvægt að standa rétt að starfsmatinu

- segir Aðalbjörg Jóhannesdóttir



Það er alltaf eitthvað að gerast í fræðslumálum trúnaðarmanna hjá Eflingu. Nýlega kom hópur trúnaðarmanna Eflingar hjá Reykjavíkurborg saman á námskeiði í Fræðslusetri Eflingar þar sem fjallað var um starfsmat hjá borginni. Efnið er forvitnilegt en starfsmatskerfi hefur um margra ára skeið verið í gangi í tengslum við launakerfi stéttarfélaganna og borgarinnar. Eflingarblaðið spjallaði við Aðalbjörgu Jóhannesdóttur, leikskólaliða og trúnaðarmann sem hefur unnið á leikskóla í tuttugu ár og þrettán síðustu árin á Leikskólanum Völvuborg í Efra Breiðholti. Hún segir mikilvægt að standa rétt að starfsmatinu og var ánægð með námskeiðið.

Námskeiðið fjallaði um hvernig endurmat á starfsmati er unnið og segir Aðalbjörg að það hafi komið sér á óvart hvað matið er yfirgripsmikið. Mikilvægt sé að standa rétt að starfsmatinu. Miklu máli skipti að starfslýsingin sé ýtarleg og starfsmenn fái metið það sem ætlast er til af þeim. Gott dæmi um það er að ef starfsmaður er ráðinn til þess að keyra út pizzur segir í starfslýsingu að hann verði að hafa bílpróf. Ef hann er líka með meira-próf og þungavinnuvélaréttindi hækkar það ekki matið á starfinu vegna þess að ekki er gerð krafa um slík réttindi í

Hægt er að sækja um endurmat á starfsmatinu og á námskeiðinu var starfsmönnum einmitt kennt að undirbúa

starfslýsingunni, segir hún.

Hægt er að sækja um endurmat á starfsmatinu og á námskeiðinu var starfs-

mönnum einmitt kennt að undirbúa endurmatsbeiðni. Farið var yfir hvern lið starfslýsingar og viðkomandi mat á starfi. Beiðnin er síðan lögð fyrir samstarfsnefnd sem er skipuð fulltrúum frá stéttarfélagum og Reykjavíkurborg og hún úrskurðar í málinu, segir hún. Ef fram kemur í endurmati að starfið hafi verið ofmetið þá er ekki hægt að lækka starfsmann í launum. En næsti starfsmaður sem er ráðinn í sambærilegt starf fær laun samkvæmt starfsmatinu, sagði Aðalbjörg að lokum.



Hópmýnd af þátttakendum.



Grímur Þorkell Jónasson

Á 30 ára starfsafmæli hjá Garðyrkjudeildinni

Ég vann við að tyrfa í sárið sem kom í grasið á Austurvelli þegar mótmælendur kveiktu bál við Alþingishúsið í janúar sl. og ég hafði fullan skilning á þeim atburði. En ég hef líka unnið við að tína rusl í miðborginni á föstudögum og mánudögum undanfarin ár og almennt séð finnst mér að borgarbúar mættu ganga betur um borgina sína, segir Grímur Þorkell Jónasson, sem hélt uppá 30 ára starfsafmæli hjá Garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar þann 28. ágúst sl. Boðið var til afmælisveislu á veitingahúsið í Grasagarðinum í Laugardal og samstarfsmenn og yfirmenn heiðruðu hann með blómvendi.

Aðspurður um fyrsta starfið hjá borginni segist Grímur hafa byrjað í sumarvinnu hjá hreinsunardeildinni og unnið eitt sumar í unglingavinnunni. En það var áður en ég hóf störf hjá Garðyrkjudeildinni, segir hann.

Grímur segir að fyrstu störf sín hjá Garðyrkjunninni tengist Safamýrinni og hann hafi m.a. unnið við að leggja þökur og helluleggja. Síðan hef ég unnið við ýmis störf og eins og þú sérð þá erum við að slípa og mála útibekki núna. Ég hreinsa líka rusl í miðborginni á mánudögum og föstudögum og hef unnið við það í nokkur ár. Síðastliðið sumar bættist Miklatúnið og hluti af Hringbrautinni við og umgengnin á þessum svæðum er mismunandi og hefur farið versnandi í miðbænum eftir bankahrundið.

En það koma góðir dagar ef veðrið er gott. En þegar vindar blása fyllist allt af rusli, segir hann. Svo þarf ég stundum að aðstoða vinnufélaga minn við að þrifa rusladalla sem búið er að krotu á með úðabrusum og örfáum klukkutímum seinna er allt komið í sama farið.

Grímur segir að honum hafi liðið vel í

Borgarbúar mættu
gangast betur um
borgina sína

Garðyrkjudeildinni og hann hafi verið mjög heppinn með samstarfsfólk. Ég gæti vel hugsað mér að vinna hjá Garðyrkjunninni í fimmtán til tuttugu ár í viðbót ef allt fer vel.

Að lokum vildi hann beina því til borgarbúa og gestkomandi að ganga vel um borgina. Þetta á ekki síður við þá sem stunda krot, flöskubrot og önnur skemmdarverk, vegna þess að fögur borg er gulls ígildi, sagði Grímur að lokum.



www.efling.is



Söguhornið

Vatnsveitan í Reykjavík 100 ára

Þann 2. október 1909 var vatni hleypt á fullfrágengna vatnsveitu frá Gvendarbrunnum. Við getum vart í dag ímyndað okkur þær erfiðu aðstæður sem þetta verk var unnið á ótrúlega skömmum tíma. En aðdragandi og undirbúningur tók miklu meiri tíma eða um áratug. Fjöldi verkamanna kom að greftri skurðarins og lagningu vatnslagnarinnar frá brunnunum og alla leið til Reykjavíkur. Framkvæmdin var sú umfangsmesta á landinu fram að þeim tíma og eitt mikilvægasta heilbrigðismál bæjarbúa um aldir.

Aðstæður til vatnsöflunar í Reykjavík voru mjög erfiðar fyrir 100 árum og höfðu verið svo lengi. Fólki fjölgaði stöð-

ugt, byggðin þandist út en vatnsbólum fjölgaði ekki að sama skapi og sum þeirra voru mjög léleg, vatnið úr þeim mengað og brunnar þornuðu í þurrkatíðum og í hörðum frostum. Grunnir opnir brunnar voru kallaðir holur og í þá rann yfirborðsvatn, berandi með sér alls konar óþverra. Aðsókn að stóru brunnunum var mikil og snemma á morgnana myndaðist biðröð við þá. Seinni hluta dags var oft orðið lágt í brunnunum og erfitt að dæla upp úr þeim. Taugaveikifaraldur braust út 1906 sem sýndi nauðsyn hreinlætis og að finna yrði ný vatnsból fyrir bæjarbúa.

Árið 1900 er kominn eldhugi í bæjarstjórn Reykjavíkur. Guðmundur Björnsson hét hann og var héraðslæknir og

síðar landlæknir. Barátta hans fyrir vatnsveitu fyrir Reykvíkinga stóð sleitulaust þau sex ár sem hann var í bæjarstjórn. Hann hafði einnig forustu þessara mála

Knud Zimsen segir að það hafi verið ógleymanleg stund þegar hann stóð við brunahana á horni Laugavegs og Vatnstígs miðvikudaginn 16. júní en þann dag var vatninu hleypt á.



Vatnsveitan var mikil framkvæmd

á þingi og síðasta árið sem hann sat þar sem þingmaður Reykvíkinga fékk hann samþykkt lög um vatnsveitu fyrir höfuðstaðinn.

Leiðin liggur að Gvendarbrunnum

Frá aldamótum og næstu árin á eftir er vatnsveitumálið í undirbúningi en deilur standa bæði um vatnstökustaðinn og fleira. Árið 1907 eru verklegar framkvæmdir enn ekki hafnar en það er unnið að undirbúningi. Alþingi samþykkti ný vatnsveitulög og á bæjarstjórnarfund 7. nóvember það ár er lögð fram kostnaðaráætlun og margvíslegar kannanir sem Jón Þorláksson, verkfræðingur og síðan forsætisráðherra, hafði annast fyrir bæjarstjórnina. Kannanir höfðu sýnt að best væri að taka vatnið úr Gvendarbrunnum ofan Silungapolls.

Vandasamast að tengja pípurnar

Eftir bæjarstjórnarkosningar í byrjun árs 1908 var kosin ný vatnsnefnd og um sumarmál var byrjað að grafa. Því starfi var haldið áfram allt sumarið og fram á vetur og einnig lagningu pípna í skurðina.

Knud Zimsen, verkfræðingur og þáverandi byggingafulltrúi, segir að það hafi komið í sinn hlut að verja framkvæmdirnar enda hann eini maðurinn í vatnsnefndinni sem var verkfræðingur. Vanda-

samasta verkið segir Zimsen var að koma pípunum fyrir í skurðunum og tengja þær saman. Verkamenn höfðu 30 aura á tímann og verkstjórar 50 aura.

340 manns í vinnu

Bærinn hafði tvo vinnuflokka, 120 manns í hvorum flokki, auk þeirra voru flokkar í ákvæðisvinnu við gröftinn undir stjórn manna sem gert höfðu tilboð þar um. Í nóvembermánuði 1908 voru um 100 manns í vinnu hjá þeim sem höfðu fengið ákvæðisvinnuna. Þetta hefur verið áður óþekkt innspýting í atvinnulífið. Allt að 340 manns í vinnu við sömu framkvæmd og þó fengu færri en vildu.

Jón Þorláksson er um þessar mundir að vinna að vatnsveitu fyrir Hafnfirðinga. Hann var ákveðinn þeirrar skoðunar að Reykjavíkurbær ætti sjálfur að sjá um framkvæmd og eiga sína vatnsveitu. Ekki láta það í hendur útlendinga.

Dagsbrún skorar á bæjarstjórnina

Seint um haustið er mikil óþreyja komin í vatnsveitumálið og Verkamannafélagið Dagsbrún lætur málið til sín taka á fundi í Báruhúsinu. Þá skorar félagið á bæjarstjórn Reykjavíkur að sjá um að vinnan við vatnsgröft bæjarins sé veitt bæjarbúum, sérstaklega fjölskyldumönnum en utanbæjarmenn einkum útlendingar séu eigi teknir nema brýna nauðsyn beri til

og innanbæjarmenn fáist ekki.

Ógleymanleg stund

Knud Zimsen segir að það hafi verið ógleymanleg stund þegar hann stóð við brunahana á horni Laugavegs og Vatnstígs miðvikudaginn 16. júní en þann dag var vatni hleypt á frá Elliðaám til bæjarins. Mestu erfiðleikarnir voru að baki og úrtöllumennirnir þagnaðir í bili.

Síðasti áfanginn var kláraður um sumarið og 2. október 1909 var hreinu tæru köldu vatni hleypt á frá Gvendarbrunnum.

Reykvíkingar höfðu eignast vatnsveitu.

Þessi samantekt byggist á bók um Knud Zimsen sem var verkfræðingur, byggingafulltrúi og síðar bæjarstjóri í Reykjavík. Hann gefur okkur ómetanlegar upplýsingar um Reykjavík í byrjun tuttugustu aldar í endurminningabók sinni sem Lúðvík Kristjánsson færði í letur. Bókin kom út hjá Helgafelli 1952. Knud Zimsen kom manna mest að þessu stóra verkefni, strax frá fyrstu skrefum en þá er hann verkfræðingur og byggingafulltrúi í Reykjavík.

Lengri grein um þetta má sjá á heimasíðu Eflingar

www.efling.is



Nám fyrir atvinnulausa félagsmenn

Á leiðinni í háskóla

- segir Óskar Steinn Gunnarsson

Í byrjun september hófu 12 efling-
arfélagar sem höfðu misst vinnuna nám í
Grunnmenntaskólanum. Kennt var í þrjá
mánuði og nemendur sem útskrifuðust
þann 27. nóvember síðastliðinn létu í
ljós ánægju með námsefnið og skipu-
lag skólans sem er undir stjórn Mímis
– símenntunar.

Óskar Steinn Gunnarsson er í hópi
nemenda sem hófu námið í byrjun
september sl. Hann sagði að námið
hafi verið mjög vel skipulagt og náms-

efnið hefði fyllilega staðið fyrir vænt-
ingum nemenda. Við mættum í skól-
ann klukkan 8.45 til 12.30 fimm daga í
viku og lærðum m.a. íslensku, ensku og
stærðfræði, framkomu og leiklist, sjálf-
styrkingu, glósutækni og á word og exel
í tölvu. Ég er einmitt núna að nýta þá
kennslu í gerð heimildarritgerðar um
Hafnarfjörð, sem er minn heimabær.

Svo fáum við mjög góða námsráðgjöf
sem ég hef nýtt mér og það lítur út fyrir
að ég fari í háskólastoðir um áramótin

hjá Keili á Keflavíkurflugvelli. Ef áæt-
lanir mínar standast tekur háskólabrú-
in við og eftir eitt og hálft ár verð ég
kannski á leið í háskólanám, segir hann.
Það kom mér á óvart hversu vel námið
hefur gengið og hvað þessi hópur hefur
unnið vel saman, þrátt fyrir að við höfum
ólíkan bakgrunn. En þar koma leiðbein-
endurnir sterkir inn og ég er líka þakklát-
ur Eflingu sem stóð að náminu og horfi
björtum augum til framtíðar, sagði Óskar
Steinn kampakátur.

Það kom mér á óvart
hversu vel námið hefur
gengið

Athyglisverðar tölur úr fræðslustarfi Eflingar

Einstaklingsstyrkir

Mikil fjölgun frá 2007



Mikil fjölgun hefur orðið á nýtingu fræðslustyrkja hjá félaginu en þeir eru 1834 árið 2007, 2171 árið 2008 og voru komnir upp í 1457 eftir fyrstu sex mánuði ársins 2009. Þessi aukning er fyrst og fremst að eiga sér stað á almenna vinnumarkaðnum og er Starfsafl sá fræðslusjóður sem ber algerlega uppi þessa miklu fjölgun.

Þreföldun fyrirtækjastyrkja á þremur árum

Í því fræðslustarfi sem snýr að fræðslu til félagsmanna í gegn um fyrirtækin sem þeir vinna hjá hefur einnig orðið mikil aukning. Árið 2007 voru 965 félagsmenn að njóta styrkja, árið 2008 voru þeir 2867 og fyrstu sex mánuði ársins 2009 eru þeir orðnir 2282. Eins og í einstaklingsstyrkjunum er aukningin nær eingöngu hjá Starfsafl sem er að sinna almennum vinnumarkaði.

*Sendum félagsmönnum
Eflingar - stéttarfélags og fjölskyldum
þeirra hátíðarkveðjur og óskum þeim
allra heilla á nýju ári*

Almar bakari, Sunnumörk 2, Hveragerði
Bifreiðaverstæði Friðriks Ólafssonar, Smiðjuvegi 14, Kópavogi

Björgun ehf., Sævarhöfða 33, Reykjavík

Eining - lðja, Akureyri

Ernst & Young hf., Borgartúni 30, Reykjavík

Falleg gólf ehf., Nesbala 25, Seltjarnarnesi

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands

Faxaflóahafnir

Félag íslenska hljómlistarmanna

Félag Leiðsögumanna

Félagshjónustan í Kópavogi

Garðabær

Heilsustofnun NLFÍ, Grænumörk 10, Hveragerði

Hjúkrunarheimilið Sóltúni 2, Reykjavík

Höldur - Bílaleiga Akureyrar, Skeifunni 9, Reykjavík

Ísloft, blikk- og stálsmiðja, Bíldshöfða 12, Reykjavík

Landssamband íslenskra verslunarmanna

Sjómannasamband Íslands

Stéttarfélagið Samstaða, Blönduósi

Verkalýðsfélag Akraness

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Veist þú að?

- Réttur til hvernar styrktegunar í Sjúkrasjóði er sjálfstæður og því möguleiki að fá allar styrktegundirnar á einu og sama árinu.
- Líkamsræktarstyrkur hjá Eflingu nemur nú 12.000 kr.
- Nú veitir Efling gleraugna-styrk sem nemur að hámarki 10.000 kr.
- Sjúkrasjóður styrkir sál-félagslega viðtalsmeðferð sem nemur að hámarki 3.000 kr. fyrir hvert skipti í 15 skipti á hverjum 12 mánuðum.
- Efling styrkir nú Sjúkra- og endurbjálfun sem nemur allt að 1.500 kr. fyrir hvert skipti í allt að 25 skipti á hverjum 12 mánuðum.





Fræðsluhornið

Hvar eru fjölmennustu vinnustaðir Eflingar?

Stærstu viðsemjendur Eflingar eru Samtök atvinnulífsins, Reykjavíkurborg og fjármálaráðuneyti fyrir hönd Landspítala og fleiri, Samtök stofnana í heilbrigðisþjónustu og hjúkrunarheimili. Fjölmennustu vinnustaðir og launagreiðendur Eflingar-stéttarfélags eru í samræmi við þetta Reykjavíkurborg, Kópavogskaupstaður, Landspítalinn-Háskóla-

sjúkrahús og hjúkrunarheimili, ISS, hótél og veitingahús, olúfélögin, Grandi, skipafélög og Securitas svo nokkrir stórir launagreiðendur séu nefndir.

Fjölbreytileg störf á samningssviði Eflingar

- Mjög margbreytileg störf eru innan Eflingar-stéttarfélags á almennum

markaði. Þar má nefna:

- Almenn störf á veitinga- og gististöðum.
- Starfsmenn sem vinna almenn störf launafólks á sviðum flutninga, byggingavinnu, við vegagerð og hafnarvinnu, landbúnaðarstörf og ýmsa vélavinnu sem tengist verklegum framkvæmdum.
- Félagsmenn Eflingar vinna fjölda starfa í þjónustu ríkis og sveitarfélaga s.s. í umönnunarstörfum þ.á.m. í heimaþjónustu, á leikskólum, í sjúkrahúsum og stofnunum, þvottahúsum og saumastofum sjúkrastofnana.
- Ræstingar, mötuneytisstörf og hvers konar hreinlætisstörf, í efnalaugum og þvottahúsum.
- Þeir sem koma að varðstörfum, öryggisstörfum og fjármunaflutningum.
- Almenn störf í iðnaði og verksmiðjum, við vinnslu sjávarafurða og landbúnaðarafurða auk starfsfólks í matvælaframleiðslu og ölgerð.
- Þeir sem starfa við bensínafgreiðslu og störf við olíu, bón, hjólbarðaverkstæði og ryðvarnarstöðvar og bifreiðastjórar á vörubifreiðum og hópferðabifreiðum.

Félagsmenn Eflingar vinna fjölda starfa í þjónustu ríkis og sveitarfélaga s.s. í umönnunarstörfum þ.á.m. í heimaþjónustu, á leikskólum, í sjúkrahúsum og stofnunum

Græna prentsmiðjan



GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Börnum líður almennt betur en fyrir hrunið


- segir séra Pálmi Matthíasson prestur í Bústaðakirkju



Pálmi var gestur á fjölmennum fundi Faghóps leikskólaliða þar sem hann ræddi trú, von og jákvætt hugarfar. Hann lagði mikla áherslu á að hafa vonina og gleðina að leiðarljósi. Börnin á leikskólunum þurfa nú sem aldrei fyrr á öryggi og hlýju að halda þegar mörg heimili eru í uppnámi og foreldrar jafnvel búnir að missa störf sín. Þetta erindi Pálma féll vel að því sem fram kom hjá Sigurrós Kristinsdóttur sem sagði frá starfsemi Velferðarvaktarinnar en þar er einmitt lögð mikil áhersla á að vernda börnin þegar sverfur að samfélaginu fjárhagslega.

Lögð er mikil áhersla á að vernda börnin þegar sverfur að samfélaginu

Athyglisvert var að Pálmi sagðist finna fyrir því að börnum og unglingum sem væru hjá honum í kirkjustarfinu líði almennt betur núna en fyrir hrunið og taldi hann að fjölskyldur hefðu almennt þjappað sér saman og meiri samheldni og samvera væri hjá flestum fjölskyldum nú en á meðan hrundansinn stóð sem hæst.



Pálmi Matthíasson

Veist þú að?

- Félagsmenn sem hættir eru störfum vegna aldurs eða örorku halda nú réttindum til styrkja úr sjúkrasjóði Eflingar í 24 mánuði frá starfslökum í stað 12 mánaða áður

Skrifstofa Eflingar

Viðtalstímar lögmannna



Anna Lilja Sigurðardóttir



Karl Ó. Karlsson

Lögmenn Eflingar-stéttarfélags eru til viðtals á skrifstofu félagsins á þriðjudögum milli kl. 13.00 og 16.00. Það eru lögmennirnir Karl Ó. Karlsson og Anna Lilja Sigurðardóttir frá lögmannsstofunni LAG lögmenn sem eru til aðstoðar. Ekki þarf að panta tíma fyrirfram. Það nægir að mæta á skrifstofuna á þessum tíma.



Frostfiskur í Þorlákshöfn

Skjótast heim í hádeginu og þrjóna eða ylja sér á tánum

- segir Sigríður Stefánsdóttir sem vinnur í gæðaeftirliti

Frostfiskur heitir fiskvinnslufyrirtæki sem hefur starfað um tíu ára skeið m.a. í Ólafsvík og Þorlákshöfn í sama húsi þar sem Meitillinn var með fiskvinnslu um árabil. Uppistaðan í afurðum fyrirtækisins er ferskur fiskur sem fer með flugi á markað erlendis og lausfrystar afurðir sem er dreift innanlands og flutt

til útlanda með skipi. Um eitthundrað Eflingarfélagar vinna hjá Frostfiski og við heimsóttum vinnustað þeirra í Þorlákshöfn og ræddum við nokkra félagsmenn.

Sigríður Stefánsdóttir flutti til Þorlákshafnar 1980 og fór að vinna í Meitlinum og síðan hefur hún alltaf unnið í sama húsi að undanskildum þremur árum. Hún sagðist vinna við gæðaeftirlit og í því felst m.a. að taka sýnishorn og fylgjast með að afurðirnar séu í lagi þegar búið er að pakka þeim. Unnið er á tveimur hæðum og vinnuaðstaðan og annar aðbúnaður fyrir starfsmenn er

ágætur. Við höfum aðgang að kaffistofu og komum með nesti að heiman. Í hádeginu fer ég heim og ef veðrið er gott hjóla ég en ef veðrið er leiðinlegt nota ég bílinn. Fólk er ánægt með að geta skotist heim í hádeginu og konur nota tækifærið og grípa í þrjóna og ylja sér á tánum, segir hún.

Aðspurð um félagsstarf segir Sigríður að starfsmannafélag sé til en það hafi verið óttalega ræfilslegt undanfarið. En núna verður breyting á því og í nóvember hefur verið ákveðið að fara uppá Efstaland í Ölfusi sem við köllum Básinn og þar verð-

Svo hefur fyrirtækið alltaf boðið okkur í jólamat á vinnustaðnum, síðasta vinnudag fyrir jól



Tho Khorchai og Kevin Paul Dupaya tóku stutt hlé fyrir ljósmyndarann

ur matur og ball. Svo hefur fyrirtækið allt af boðið okkur í jólamat á vinnustaðnum, síðasta vinnudag fyrir jól. Við útbúum hann sjálf og fyrirtækið kaupir hann af okkur, sagði Sigríður og brosti.

Einhæf vinna

segir Þórdís Ólafsdóttir

Næst hittum við Þórdísi Ólafsdóttur sem stóð við snyrtiborð og beitti hnífnum á flökin af stakri snild.

Hún sagðist hafa fylgt húsinu af og til frá 1961 og vinnuadstaðan hafi breyst mikið en ekki handbrögðin. Hún segir líka að vinnan sé orðin alltof einhæf og snúist eingöngu um að snyrta fiskflök allan liðlangan daginn. En þegar ég byrjaði að vinna í fiski, snyrtum við og pökkuðum jöfnum höndum. Svo voru teknar stuttar pásur og þá gat maður slakað á og teigt úr skroknum.

Í vinnslusal á annarri hæð hittum við Tho Khorchai frá Thailandi og Kevin Paul Dupaya frá Filíppseyjum.

Tho sagðist hafa verið búsettur á Íslandi

í tíu ár og hann hafi unnið hjá Frostfiski í Ólafsvík fyrstu fimm árin. En svo flutti Frostfiskur hluta af fiskvinnslunni hingað og ég og fjölskylda mín fórum líka og erum mjög ánægð í Þorlákshöfn.

Kevin sagðist hafa verið í Þorlákshöfn

í tvö og hálft ár og unnið hjá Frostfiski allan tímann. Ég flutti hingað ásamt fjölskyldu minni og okkur hefur liðið mjög vel hér. Hann segir líka að Frostfiskur sé góður vinnustaður og hann sé að læra að flaka fisk hjá besta flökunarmanni í heimi og horfir brosandi á Tho.



Þórdís Ólafsdóttir við snyrtiborðið


www.hrafnista.is

Hrafnista óskar félagsmönnum
í Eflingu gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.

Þökkum gott samstarf
á árinu sem er að líða.



HRAFNISTA



Við erum öll mikilvæg
- stöndum saman!

Efling-stéttarfélag • Sætún 1 • Sími. 510 7500 • Fax 510 7501 • www.efling.is



- stendur með þér



Gallup könnun

Gyða Brynjólfsson dóttir fékk vinninginn

Gyða Brynjólfsson, félagi í Eflingu, fékk aðalvinning að upphæð 100 þúsund krónur þegar hún var dregin úr hópi þátttakenda í nýrri Gallupkönnun á vegum Flóa-

félaganna sem birt verður á næstu dögum. Gyða var að vonum glöð að heyra tíðindin en hélt fyrst að um gabb væri að ræða þar sem hún hefur ekki fengið marga happ-

drættisvinninga um dagana. Það er ekki er óalgengt í minni fjölskyldu að menn stundi slíka hrekki, segir hún. Aðspurð sagðist Gyða ekki hafa ákveðið hvernig hún notar peningana. En ég verð ekki í vandræðum með að eyða þeim eins og ástandið er hjá þjóðinni eftir bankahrunið, segir hún.

Aðrir vinningar sem eru vikudvöl í orlofshúsi eða íbúð að eigin vali hjá stéttarfélagi vinningshafa komu í hlut Björns Braga Sverrissonar, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Reidars J. Óskarssonar, Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur. Félagin sem stóðu að kjarakönnunni þakka þeim fjölmörgu félagsmönnum sem svöruðu spurningarlistum Gallup og tóku þannig þátt í að byggja upp þekkingu á kjörum félagsmanna svo að hægt sé að vinna markvisst að hagsmunum þeirra.

Í september síðasliðnum gerði Capacent Gallup kjarakönnun á vegum Eflingarstéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Könnunin fór m.a. fram á netinu og félagsmenn sem tóku þátt fóru í happdrættispott. Veglegir vinningar voru í boði. Aðalvinningur var 100 þúsund krónur en auk þess voru í boði tveir aðrir vinningar með vikudvöl í orlofshúsum félaganna að eigin vali.


www.efling.is


*Efling-stéttarfélag
sendir félagsmönnum sínum
og landsmönnum öllum
bestu jóla- og nýárskveðjur*



Fræðslusjóðir

Síðasti skiladagur 15. desember

Rafrænir greiðsluseðlar frá áramótum



Í fræðslusjóðum Eflingar verður afgreiðsla þannig háttað fyrir jólin að síðasti skiladagur vegna umsóknna er 15. desember næstkomandi vegna desembermánaðar. Rafrænir greiðsluseðlar verða teknir upp frá og með áramótum. Þeir sem þess óska geta þó fengið greiðsluseðlana sína senda í pósti.

Stefnt er að því að greiða alla fræðslustyrki út fyrir jólin. Skila þarf umsóknunum og öðrum gögnum í síðasta lagi 15. desember n.k.

Frá og með 1. janúar verða greiðslur fræðslusjóða rafrænar og sendar í heimabanka viðkomandi. Þeir sem vilja fá greiðsluseðla sína senda með pósti, þurfa að láta vita á skrifstofu félagsins í síma 510-7500.


www.efling.is


Jólaballið
í Valsheimilinu - 29. des.

Jólaball Eflingar-stéttarfélags verður haldið þriðjudaginn 29. desember í Valsheimilinu Hlíðarenda kl.16:30. Húsið opnað kl.16:00.

Miðasala

verður á skrifstofu Eflingar að Sætúni 1 frá 10. desember nk.

Upplýsingar í síma 510-7500.

Ath. að panta verður miða.

Miðaverð:

Barn 400 krónur. Fullorðinn 600 krónur.

- **Jólasveinar koma í heimsókn**
- **Hljómsveit sér um dans og söng**
- **Boðið verður uppá veitingar**
- **Nammipokar fyrir börnin**

Reykbindindisnámskeið
Krabbameinsfélags Reykjavíkur
fyrir Eflingu-stéttarfélag

Námskeiðið hefst á næstunni

Ábending til þátttakenda

Fyrir flesta er það heilmikið mál að hætta að reykja og marklaust að gera slíkt með hálfum huga. Þeir sem innrita sig á námskeið Krabbameinsfélagsins í reykbindindi verða að hafa eftirfarandi í huga:

Ætlast er til að komið sé á alla fundi.

Reynslan hefur sýnt að því betur sem menn sækja fundina þeim mun meiri líkur er að þeir hætti að reykja.

Ætlast er til að menn kappkosti að fylgja í einu og öllu leiðbeiningum um undirbúning.



Á meðan námskeið stendur og að því loknu geta þátttakendur fengið einkaviðtöl við leiðbeinanda ef þess gerist þörf.

Ingibjörg K. Stefánsdóttir
Hjúkrunarfræðingur og fræðslufulltrúi
Krabbameinsfélag Reykjavíkur

Netfang: reykleysi@krabb.is
Sími: **540-1929**

Sjá nánar á heimasíðu Eflingar
www.efling.is

Init ehf. • Grensásvegí 50 • 108 Reykjavík • Sími 510-7200 • Fax: 510-7220 • init@init.is • www.init.is



Init ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í verkefnum fyrir lífeyrissjóði og verkalýðsfélög. Init þróar, rekur og þjónustar Jóakim sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi.

Jóakim er heildarlaun fyrir stéttarfélög

- Öflugt iðgjaldainnheimtakerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréferfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar bæði stórum og smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga

Hafið samband við okkur í síma 510-7200 eða skoðið nánar á heimasíðu okkar, www.init.is

*Sendum félagsmönnum Eflingar - stéttarfélag
og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur
og óskum þeim allra heilla á nýju ári*



Alþýðusamband Íslands



Félag hársnyrtisveina
www.klipp.is



Reykjavíkurborg



Guðmundur Jónasson ehf.

Ferðaskrifstofa
Göðheimili
Sérleyfis- og hópféðir
Borgartúni 34, Reykjavík
Sími 511 1515 Fax 511 1511
Email: gitravel@gitravel.is
www.gitravel.is



HÓTEL ÖRK



Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins





Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig

- Sterkari saman!

Efling-stéttarfélag • Sæturn 1 • Sími 510 7500 • Fax 510 7501 • www.efling.is


EFLING
STÉTTARFÉLAG

- stendur með þér

MYNDA- TEXTI	MYNT DUNDA MALLAUS	ULLAR- VINNA SLÁTRA	RÖST NES 'ATT	GUD SKEL 'AVALA	VEIN EINS	JÁTA ÓSTILLT VEDUR	ÁHALLD SKÍFA REYKJA						
SÖNN- LIDUR							9						
DÓFI ANA KROT			4										
REINN- INGUR DAUDI													
TRÖLL EINS UM K	+												
NISKU- SVELG- UR								EINS UM G	FITA SKOLI	NORD- ANDI	GED ÁHALD	FJALLS- TODDAR DIL- BUGUR	
KONA ÓSKYR- MILT					3					10			
LEIÐSKA ALLA LEIÐ		13											
DRYKJA MÖGL										EINS FRÆGA UMGERÐ			
GRIND DAUN								FROST TOPPUR EINS					
KYNST- UR	+					KONA BEIÐNI SUDA	5						
INN TELDA FORN.		6		2					HAF TALL				
EINS UM A			TÖNN INN- LOKA			ÁRÁÐA ÁRANS						12	
TINDA- ÁIKKAJA			11					FLJÓT STYRKT			FLJÓT HRET		
LEIÐA FLOTTUR MJAÐAST						14				8			
SMÍÐA SATT	+		ÓFAÐ						EINS MÓÐA			SPOR	
SAUFAB TVAHL.								FALM EINK. ST.	1				
DEILUR FÓLA SKIDA			7										
ÖGRA RÝKS MYKKAR													
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14



Lausnarorð:

Nafn: _____ Vinnustaður: _____ Sími: _____

Heimili: _____ Kennitala: _____

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**.
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sætún 1, 105 Reykjavík.
Svar þarf að berast fyrir 22. desember 2009.




Vinningshafi

Katrín Eir Ingimarsdóttir vann í krossgátunni

Katrín Eir Ingimarsdóttir hlaut vinning að upphæð 15.000 krónur fyrir rétta lausn í krossgátu síðasta Eflingarblaðs. Hún sagði að peningarnir komi að góðum notum þegar jólagjafainnkaupin hefjast. Katrín vinnur á Leikskólanum Sólgarði, Eggertsgötu 8 og með henni á myndinni er hún Katla litla.

Lausn síðustu krossgátu




LAUSNARORÐ:
ÖRSKOTSHELGI

Okkar bestu
jóla- og
nýárskvedjur

≡ HÉÐINN ≡

Konan sem heillaði heiminn

Í nýrri ævisögu Vigdísar
Finnbogadóttur er fjallað
ítarlega um uppvöxt hennar
og ættir, áhrifavalda og
mótunaröfl, uns hún,
einstæð móðir og fráskilin,
axlar það hlutskipti sem
þjóðin fól henni. En hvert
var það hlutskipti og hvaða
fórnir þurfti að færa?



Páll Valsson bregður upp einstakri mynd af Vigdísi, sorgum hennar og sigrum, þannig að saga hennar verður lesanda bæði nákomin og hugstæð.